# FRÉTTABLAÐIÐ

84. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. APRÍL 2018





Stuðningsfólk Hugarafls mætti við velferðarráðuneytið í gær og mótmælti fyrirhugaðri fjárskerðingu til samtakanna sem eru í óvissu með húsnæði. Ráðherra lýsti því yfir að ekki væri verið að skerða fé til Hugarafls heldur verið að gera skipulagsbreytingar á Geðheilsu – eftirfylgd. Breytingarnar hafi ekki skerta þjónustu í för með sér heldur aukna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Yfir 40 prósent segjast óánægð með Dag

**Yfir 40 prósent í könnun Fréttablaðsins og vefmiðilsins frettabladid.is eru óánægð með störf Dags B. Eggertssonar. Hann er þó sá sem flestir vilja sem borgarstjóra.**

**STJÓRNMÁL** Alls segjast 43 prósent þeirra Reykvíkinga sem afstöðu taka í nýrri könnun, sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu, vera annaðhvort mjög óánægð eða frekar óánægð með störf Dags B. Eggertssonar borgarstjóra á kjörtímabilinu. Þá segjast 29 prósent vera mjög ánægð eða frekar ánægð með störf hans og 28 prósent segjast hvorki vera ánægð né óánægð.

Þegar svörin eru skoðuð í heild sést að 6 prósent eru mjög ánægð með störf Dags, 19 prósent eru frekar ánægð og 25 prósent eru hvorki ánægð né óánægð. Þá eru 15 prósent frekar óánægð og 23 prósent eru mjög óánægð. Alls tóku 89 prósent afstöðu til spurningarinnar en 5 prósent sögðust óákveðin og 6 prósent neituðu að svara spurningunni.

**Hversu ánægð/ur ertu með störf Dags B. Eggertssonar borgarstjóra?**




Dagur er hins vegar sá einstaklingur sem flestir nefna þegar þeir eru spurðir hvern þeir vilji sjá sem næsta borgarstjóra í Reykjavík. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að 45 prósent nefna Dag, 30 prósent nefna Eyþór Arnalds, 4 prósent nefna Líf Magneudóttur og 4 prósent Vigdísi Hauksdóttur.

Það vekur hins vegar athygli að þegar þessarar spurningar er spurt og svör allra þeirra sem náðist í við framkvæmd könnunarinnar eru skoðuð segjast 42 prósent vera óákveðin og 16 prósent neita að svara spurningunni. Þá segjast 19 prósent vilja fá Dag sem borgarstjóra, 13 prósent Eyþór Arnalds, 2 prósent Vigdísi Hauksdóttur og 2 prósent Líf Magneudóttur.

Vinsældir borgarstjóraefnanna eru álíka miklar og þær voru þegar Fréttablaðið mældi þær í lok febrúar. Þá sögðust 19 prósent af öllum þeim sem náðist í styðja Dag og 16 prósent Eyþór.

Hringt var í 1.316 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki 9. apríl. Svarhlutfallið var 60,8 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. **– jhh** / sjá síðu 6

## Sá tekjuhæsti á Airbnb með 230 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Tekjur leigusala, sem nota leiguvefinn Airbnb hér á landi, námu 19,4 milljörðum króna í fyrra og jukust um 109 prósent frá fyrra ári. Tekjuhæsti leigusali síðasta árs velti samtals 230 milljónum króna og bauð upp á 46 útleigurými, en samtals veltu tíu tekjuhæstu leigusalarnir 1,3 milljörðum króna. Þetta kemur fram í ferðaþjónustuskýrslu Íslandsbanka sem kemur út í dag.

Í skýrslunni segir að sá leigusali sem mest var með hvað mestar tekjur á hvert útleigurými í fyrra hafi velt rúmum 12 milljónum króna á hvert rými yfir 12 mánaða tímabil. Jafngildir það rúmri einni milljón króna á hvert rými í hverjum mánuði. **– kij** / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðjón Brjánsson segir hvítbók forstjóra Sjúkratrygginga svarta. 11

**MENNING** Poppóperan Vakúm sem frumsýnd er í Tjarnarbíói á morgun bræðir saman listformin dans og tónlist. 18

**SPORT** Kvennalandsliðið í knattspyrnu er enn í toppbaráttu. 14

**LÍFIÐ** Hagkaup lagði Paddington og Intel á verðlaunahátíð. 22




**PLÚS SÉRBLAÐ**
● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Allhvöss eða hvöss suðaustanátt í dag en heldur hægari vindur um landið austanvert. Rigning sunnan og vestan til en þurrt norðaustanlands. Fremur milt í veðri.

SJÁ SÍÐU 14



**Á skólabekk. Myndin tengist fréttinni ekki beint.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Endurgreiði 360 þúsund vegna áfanga í ensku

**STJÓRNSÝSLA** Karlmanni hefur verið gert að endurgreiða rúmlega 360 þúsund krónur þar sem hann þáði atvinnuleysisbætur samhliða fjarnámi í einum áfanga í framhaldsskóla. Að auki verður hann að greiða 15 prósenta álag á upphæðina. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í velferðarmálum (ÚRV).

Maðurinn lauk háskólanámi í fyrravor og fékk sumarstarf. Að því loknu sótti hann um atvinnuleysisbætur og fékk. Þá skráði hann sig fjarnám í ensku við framhaldsskóla síðustu haustönn.

Í nóvember barst honum bréf frá Vinnumálastofnun þar sem fram kom að til stæði að fella niður bótarétt hans og krefja hann um endurgreiðslu ofgreiddra bóta. Ástæðan var umræddur enskuáfangi.

Maðurinn skaut niðurstöðunni til ÚRV og taldi námið það lítið að það ætti ekki að hafa áhrif á bótaréttinn.

Nefndin benti á móti á að í lögum sé heimilt að taka áfanga í háskóla, allt að 10 ETCS einingum, án þess að bótaréttur skerðist. Slíka heimild sé hins vegar ekki að finna fyrir framhaldsskóla. Þrátt fyrir að um aðeins einn áfanga hafi verið að ræða stundi hann nám í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Því hafi verið rétt að fella bæturnar niður og að krefja hann um endurgreiðslu á ofgreiddum bótum. **– jóe**

# Árslöng afmælisveisla



**Félagsstofnun stúdenta fagnar fimmtíu ára afmæli í ár. Stúdentum bauðst af því tilefni að gæða sér á pylsum á Háskólatorgi í gær. Áður hefur verið boðið upp á 50 metra afmælisköku og síðasta mánudag hvers mánaðar er bjórinn seldur á 50 krónur í Stúdentakjallaranum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Engin stemning fyrir framboði

**STJÓRNMÁL** Illa gengur að manna lista Samfylkingar í Grindavík fyrir sveitarstjórnarkosninga.

„Ég hef núna undanfarnar vikur komið að máli við mikinn fjölda af fólki í þeim tilgangi að fá það á lista Samfylkingarinnar í kosningunum í vor. Það er skemmst frá því að segja að undirtektir hafa verið mjög dræmar, fólk vill hreinlega ekki taka þátt í stjórnmálum hverju sem um er að kenna,“ segir Páll Valur Björnsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi, spjallhópi Samfylkingarinnar á Facebook. **– aá**



**Páll Valur Björnsson**

# Hagkaup vill vínbúð í húsnæði sitt í Garðabæ

**Erindi um rekstur vínbúðar í Litlatúni var tekið fyrir í bæjarráði. Framkvæmdastjóri Hagkaups segist til í viðræður við ÁTVR og að Hagkaup opni eigin vínbúð ef nýtt frumvarp nær fram að ganga og einokunarsala ríkisins verður afnumin.**

**VIÐSKIPTI** „Við höfum þarna rými til umráða sem við höfum séð fyrir okkur að gæti hýst vínbúð í einni eða annarri mynd,“ segir Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups. Hagkaup hefur formlega lýst yfir áhuga á að opna vínbúð í verslunarrými verslunarinnar í Litlatúni í Garðabæ.

Bæjaryfirvöldum í bænum barst formlegt erindi frá Hagkaup þess efnis í lok mars og var það tekið fyrir á fundi bæjarráðs í gær.

Sem kunnugt er opnaði ÁTVR nýja vínbúð í Kauptúni fyrir skemmstu en óánægju gætti með staðsetninguna enda vildu Garðbæingar fá vínbúð aftur í miðbæinn eins og áður var.

Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um hafa bæjaryfirvöld meðal annars lagt til við ÁTVR að opnuð verði sérverslun með vín í miðbænum og hefur bæjarstjórinn sagst hafa átt í viðræðum við ÁTVR um opnun slíkrar sérverslunar.

„Við erum að hugsa fram í tímann. Við höfum löngum viljað að þetta sé bara valkostur fyrir viðskiptavini á Íslandi að geta keypt þessa vöru í sömu ferð. Okkur datt í hug hvort við gætum ekki fengið Garðabæ með okkur í þetta samstarf. Við erum svona að athuga málið hjá þeim og ég býst við góðum viðbrögðum,“ segir Gunnar Ingi.

Hann bendir á að Hagkaup hafi átt í góðu samstarfi við ÁTVR sem til að mynda hafi opnað vínbúð í Spönginni í húsnæði verslunarinnar.

„Við erum að hugsa þetta á sömu nótum. Svo er kannski eitthvað að þokast í rétta átt með áfengisfrumvarpið núna og vonumst við til að það verði einhverjar breytingar á landslaginu.“

Aðspurður hvort vínbúðin yrði þá stúkuð sérstaklega af segir Gunnar að svo verði, eins konar verslun inni í búð en með sama anddyri líkt og í Spönginni og víðar um landið.

Gunnar segir ÁTVR hafa vitað af þessu húsnæði frá því áður en ákveðið var að opna nýja verslun í Kauptúni.

„Við erum alveg tilbúnir til viðræðna við þá eins og við erum að opna okkar eigin búð þegar og ef þar að kemur. Við þurfum að sjá hver þróunin verður í kringum þetta frumvarp. Þetta er bara liður í að auka þjónustu við okkar viðskiptavini.“ **mikael@frettabladid.is**




**Hagkaup hefur viðrað hugmyndir sínar um rekstur vínbúðar í verslunarrými sínu. Vínbúð er við hlið Hagkaups í Spönginni í Grafarvogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Okkur datt í hug hvort við gætum ekki fengið Garðabæ með okkur í þetta samstarf. Við erum svona að athuga málið hjá þeim.**
>
> Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups





LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU–AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

landrover.is




## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 6.890.000 kr.

## RANGE ROVER EVOQUE SE

Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn mögnuðum nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Nýja 2,0 lítra INGENIUM dísilvélin í Evoque er sparneytnari og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur.

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 6.890.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM87610

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# Laun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hækkuðu um 22 milljónir króna

**SVEITARSTJÓRNIR** Sú ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í janúar 2017 að láta laun bæjarfulltrúa fylgja umdeildri hækkun kjararáðs olli því að kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda bæjarstjórnarinnar hækkaði um rúmar 22 milljónir milli ára.

Laun og launatengd gjöld bæjarfulltrúa í bænum námu 45,1 milljón króna árið 2016 en 67,6 milljónum 2017. Þetta er hækkun um 50 prósent.

Ákveðið var í júlí 2016 að laun bæjarfulltrúanna yrðu tiltekið hlutfall af þingfararkaupi. Í Fréttablaðinu í janúar 2017 kom fram að það væri gert til að færa launaákvarðanir úr höndum bæjarfulltrúa. Ákvörðun kjararáðs 1. nóvember 2016 um mikla launahækkun þjóðkjörinna fulltrúa þýddi síðan að óbreyttu að laun sveitarstjórnarfulltrúa myndu líka hækka.

Hafnarfjarðarbær frestaði þó gildistöku þeirrar hækkunar til að sjá hvort og hvernig Alþingi myndi bregðast við gríðarmikilli gagnrýni á ákvörðunina. Er ljóst varð að þingmenn myndu ekki lækka laun sín ákváðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að láta breytinguna gilda hjá sér líka.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu standa laun Haraldar L. Haraldssonar bæjarstjóra nánast í stað milli ára. Laun og launatengd gjöld hans nema rúmum 24,7 milljónum á ári, eða um tveimur milljónum á mánuði. **– smj**

**Útgjöld vegna bæjarstjórnar** ■ 2016 ■ 2017

| BÆJARSTJÓRN | 2016 | 2017 | BÆJARSTJÓRI | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun | 38.610.590 | 57.785.332 | Laun | 20.664.947 | 20.683.477 |
| Launatengd gjöld | 6.563.800 | 9.823.506 | Launatengd gjöld | 4.054.463 | 4.058.098 |
| Samtals | 45.174.390 | 67.608.838 | Samtals | 24.719.410 | 24.741.575 |
| **Samtals** | | **69.893.800** | | | **92.350.413** |



**Píratar, Viðreisn og óháðir kynntu lista í Árborg.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Framboð Pírata og Viðreisnar

**STJÓRNMÁL** Píratar og Viðreisn, ásamt óháðum, hafa kynnt sameiginlegt framboð til sveitarstjórnarkosninga 2018 í Árborg undir nafninu Áfram Árborg og verður listabókstafur framboðsins Á.

Sveitarstjórnarfulltrúar í Árborg eru níu og í síðustu kosningum fengu Sjálfstæðismenn fimm menn kjörna, Samfylkingin tvo, Framsóknarflokkurinn tvo og Björt framtíð einn fulltrúa.

Hvorki Píratar né Viðreisn hafa áður boðið fram í sveitarfélaginu. **– aá**

## Pólitískir fangar í Súdan fá frelsi

**SÚDAN** Öllum pólitískum föngum í Súdan verður sleppt að skipan Omar al-Bashir forseta.

Samkvæmt ríkismiðlinum SUNA er ákvörðunin tekin eftir ákall stjórnmálaflokka og annarra samtaka um að föngunum verði sleppt til að taka þátt í lýðræðisferlinu.

Bashir hefur stýrt þessu fyrrverandi stærsta ríki Afríku allt frá 1989 eftir valdarán hersins og herskárra íslamista. Hann mun ekki bjóða sig fram árið 2020 og var sigurinn 2015, þegar hann fékk 94 prósent atkvæða, því hans síðasti. Frá þeim kosningum hefur Bashir fundað reglulega með stjórnarandstæðingum og uppreisnarmönnum til að stuðla að svokallaðri þjóðarsátt. Er markmiðið að hverfa frá áratugalöngum erjum og átökum mismunandi fylkinga. **– þea**

# Segir SÁÁ standa í vegi fyrir umbótum í meðferðarstarfi

Talskona Rótarinnar segir SÁÁ standa þróun og breytingum í meðferðarstarfi fyrir þrifum, menntun ráðgjafa sé ábótavant og einblínt sé um of á vandann sem fíknisjúkdóm í meðferðarstarfi. Stjórnarformaður SÁÁ vísar gagnrýni Rótarinnar á bug. Ráðherra boðar kortlagningu á fjölda og fjölbreytni meðferðarúrræða.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er ákveðin hindrun í þessu meðferðarkerfi hve valdamikil stofnun SÁÁ er,“ segir Kristín Pálsdóttir, talskona Rótarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Hún segir SÁÁ ætíð hafa fulltrúa í helstu stefnumótunarnefndum um meðferðarstarf og að það hafi staðið í vegi fyrir þróun í meðferðarstarfi hérlendis, meðal annars vegna ríkra rekstrarhagsmuna samtakanna.

Kristín gagnrýnir fleira í starfsemi SÁÁ, meðal annars menntun meðferðarráðgjafa sem hún segir að beri mikla ábyrgð á meðferðarstarfinu. „Þessir áfengis- og vímuefnaráðgjafar hafa fengið 300 stundir í fyrirlestrum innan SÁÁ sem er svipað og ein önn í framhaldsskóla,“ segir Kristín. Hún segir nauðsynlegt að auka teymisvinnu fagmenntaðs fólks í meðferðarstarfinu.

Þá gagnrýnir Kristín þá nálgun að einblínt sé á vandann sem sérstakan sjúkdóm. „Börn með fíknivanda eru flest með annan vanda undirliggjandi, geðrænan eða félagslegan, og það þarf að meðhöndla þann vanda og nógu fljótt áður en þau fara að meðhöndla hann sjálf og nota fíkniefni til að deyfa sig.“ Þessi nálgun hafi ekki síst staðið í vegi fyrir þróun meðferðarstarfs að mati Kristínar sem bendir á að Ísland hafi í miklum mæli horft til Bandaríkjanna í meðferðarstarfi þar sem mikil áhersla hafi verið á meðferðir eftir 12 spora módelinu sem henti ekki vel fyrir börn og unglinga.

Kristín og félagar hennar í Rótinni hafa einnig gagnrýnt sérstaklega að börn séu í meðferð innan um fullorðna á sjúkrahúsinu Vogi. „Það er bara einn afvötnunarspítali og þess vegna eru börn send þangað. Það er enginn annar staður,“ segir Kristín og bendir á að á sama stað sé verið að senda fólk til að ljúka afplánun refsidóma fyrir alls konar brot. „Við erum með sérstakan barnaspítala og sérstaka barnageðdeild, það er ekki að ástæðulausu. Það hefur ekki verið hugað nægilega að þessum öryggisþætti og öryggi er grundvöllur meðferðar,“ segir Kristín.



**Á Vogi er sérstök deild fyrir börn og ungmenni. Herbergið á myndinni er á deildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það er bara einn afvötnunarspítali og þess vegna eru börn send þangað.
>
> Kristín Pálsdóttir, talskona Rótarinnar



Arnþór Jónsson, stjórnarformaður SÁÁ, vísar þessari gagnrýni Rótarinnar á bug og segir ungmennadeildina á Vogi alveg lokaða með öfluga öryggisgæslu við innganga. Hann segir gríðarlega gott starf unnið á ungmennadeildinni undir handleiðslu lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og ráðgjafa.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttisráðherra, segir kortlagningu á bæði fjölda og fjölbreytni meðferðarúrræða fyrir börn og ungmenna með fíknivanda standa fyrir dyrum í ráðuneytinu og þeirri vinnu eigi að ljúka innan tveggja mánaða. „Ég er að leggja mikla áherslu á málefni barna enda hef ég trú á því að ef við grípum fyrr inn í, þá sé engin fjárfesting betri fyrir samfélagið,“ segir Ásmundur.

**adalheidur@frettabladid.is**




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




# 20% afsláttur af aukahlutum hjá Toyota Kauptúni

Nú styttist í sumarið tíma ferðalaga og veðurblíðu. Í ferðalögin þarf ýmsan aukabúnað sem auðveldar ferðina og eykur farangursrými. Dráttarkrókur, pallhús, palllok, þverbogar, hjólafestingar, ferðabox og nýjar mottur eru dæmi um slíkan búnað. Á sumrin viljum við líka að bíllinn sé extra fallegur og gljáandi. Þá er fátt sem fegrar bílinn meira en flottir aukahlutir. Krómlistar, krómstútur á púst, álfelgur, vindskeið og gluggavindhlífar láta bílinn þinn bera af í sumar.

**Dúndurtilboð** á dekkjum og felgum sem passa á Land Cruiser 90/120/150 og Hilux 17“ og 18“.

Verð: **99.990 kr.** 17“ gangurinn og **109.990 kr.** 18” gangurinn á meðan birgðir endast.

Tilboðin gilda út föstudaginn 13. apríl.



**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ, sími: 570-5070

## Fylgi flokkanna og úthlutun sæta í borgarstjórn




### Skipting sæta




# Vill ekki „Morgunblaðsarm“ í samstarf

**Skoðanakönnun bendir til að metfjöldi framboða nái kjörnum fulltrúum í borgarstjórn. Samfylkingin myndi tapa fylgi frá síðustu kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn yrði nærri sögulegu lágmarki. Dagur segir Sjálfstæðisflokkinn tefla fram Morgunblaðsarmi sínum.**

**STJÓRNMÁL** „Í fyrsta lagi er meirihlutinn fallinn og hann verður fallinn í vor. Í öðru lagi er ljóst að breytiaflið í borginni er okkar framboð, sem mælist ekki bara stærst af hinum flokkunum heldur stærra en Samfylkingin. Þannig verður það líka í vor. Við finnum það að margir sem eru að kynna sér málin vilja breytingar þannig að við eigum eftir að sjá enn meiri sveiflur í átt til breytinga í vor,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin mælast stærstu flokkarnir í nýrri skoðanakönnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með rúm 28 prósent en Samfylkingin með tæplega 27 prósent. Munurinn milli flokkanna er innan vikmarka.

Sjálfstæðisflokkurinn tapar sjö prósentustigum frá síðustu könnun, sem gerð var 26. og 27. febrúar. Yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við nýju skoðanakönnunina yrði það næstminnsta fylgi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði fengið í borgarstjórnarkosningum. Minnsta fylgið fékk hann árið 2014 þegar flokkurinn fékk 25,7 prósent atkvæða upp úr kössunum. „Ég á von á því að við fáum meira og er reyndar sannfærður um það,“ segir Eyþór aðspurður um það hvort honum finnist fylgið í könnuninni viðunandi.

Niðurstöður könnunarinnar benda líka til þess að Samfylkingin gæti tapað nokkru fylgi frá kosningunum 2014 þegar flokkurinn fékk 31,9 prósent atkvæða. „Maður vill auðvitað alltaf sækja meira fylgi og við munum leggja okkur fram um það í aðdraganda kosninga. Stóra breytingin í þessari tilteknu könnun er sú að Sjálfstæðisflokkurinn er að missa mikið fylgi milli kannana og spurning hvort sú þróun haldi áfram,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar.

Styrmir Gunnarsson, rithöfundur og fyrrverandi ritstjóri, segir á vefsíðu sinni að miðað við niðurstöður könnunarinnar gæti orðið erfitt að mynda starfhæfan meirihluta í borgarstjórn. Sú spurning vakni hvort niðurstaðan gæti orðið samstarf Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins.

Dagur segir valkostina mjög skýra. „Sjálfstæðisflokkurinn býður fram Morgunblaðsarminn af eigin flokki og setur fram málefnaskrá sem horfir frekar til fortíðar en framtíðar. Mér sýnist Samfylkingin ekki eiga neitt sameiginlegt með þessum armi Sjálfstæðisflokksins.“

Ef niðurstöður kosninga yrðu samkvæmt könnuninni fengju átta flokkar kjörna fulltrúa í borgarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin yrðu stærst með sjö fulltrúa hvor flokkur, VG, Viðreisn og Píratar með tvo fulltrúa hver og Miðflokkurinn, Flokkur fólksins og Framsóknarflokkurinn með einn fulltrúa hver.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst munu fjórtán framboð stilla upp listum fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Auk Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar eru það Vinstri græn, Píratar, Viðreisn, Miðflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Flokkur fólksins, Höfuðborgarlistinn, Sósíalistaflokkurinn, Kvennaframboðið, Íslenska þjóðfylkingin, Alþýðufylkingin og Frelsisflokkurinn.

Píratar og VG mælast með tæp 11 prósent hvor flokkur, Viðreisn með tæp 8 prósent, Miðflokkurinn og Flokkur fólksins með rúm 4 prósent og Framsóknarflokkurinn með 4 prósent. Sósíalistaflokkurinn mælist svo með 1,4 prósent og Kvennaframboðið með 1 prósent. Önnur framboð mælast með minna fylgi.

Eva Marín Hlynsdóttir, lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sagði í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær að fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í 23 gæti vafalaust skýrt, að minnsta kosti að hluta til, aukinn áhuga á framboðum til borgarstjórnar. En stemningin í samfélaginu skýri líka þennan fjölda framboða. Bendir Eva þar á þann fjölda lista sem boðnir voru fram í síðustu tvennum alþingiskosningum. **jonhakon@frettabladid.is**

> **Við finnum það að margir sem eru að kynna sér málin vilja breytingar.**
>
> Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

> **Mér sýnist Samfylkingin ekki eiga neitt sameiginlegt með þessum armi Sjálfstæðisflokksins.**
>
> Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar



### Aðferðafræðin

Hringt var í 1.316 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki 9. apríl. Svarhlutfallið var 60,8 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku 58,2 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 8,3 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 11,8 prósent sögðust óákveðin og 21,7 prósent vildu ekki svara spurningunni.

**800**

**manns náðist í við framkvæmd könnunarinnar.**


# Aðalfundur Þristavina

DC 3 Þristavinafélagsins verður haldinn **miðvikudaginn 25. apríl 2018 kl. 17:30** í sal Flugvirkjafélags Íslands í Borgartúni 22 í Reykjavík.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

*Stjórnin.*


# Ræða send fréttamönnum í „annarlegum tilgangi“

**LANGANESBYGGÐ** Siggeir Stefánsson, oddviti minnihluta U-listans í sveitarstjórn Langanesbyggðar, segir að á síðustu sveitarstjórnarfundum hafi stórlega verið vegið að U-listanum.

„Á síðasta fundi komst sveitarstjóri upp með það að halda langa ræðu þar sem farið var um víðan völl og vegið að sveitarstjórnarmönnum með rangfærslum,“ segir í bókun sem Siggeir lagði fram á síðasta sveitarstjórnarfundi.

Á fundi í byrjun mars sagði Elías Pétursson sveitarstjóri fulltrúa U-listans ganga eins „grímulaust fram og raun ber vitni til þess eins að gæta hagsmuna útvalinna á kostnað viðskiptamanns og samfélagsins“. Féllu þau orð í samhengi við fyrirhugaða byggingu leikskóla á Þórshöfn.


Langvarandi deilur hafa staðið yfir í Langanesbyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Enn undarlegra er að ræðan var ekki sett í fundargerð né afhent sveitarstjórnarmönnum, en daginn eftir fundinn hringdi fréttamaður í aðila á U-listanum og var þá kominn með ræðuna í sínar hendur,“ segir áfram í bókun Siggeirs. „Lítur út fyrir að sveitarstjóri hafi sent hana á fréttamenn í einhverjum annarlegum tilgangi. Við gagnrýnum og mótmælum slíkum vinnubrögðum.“ U-listinn gæfi sér „rétt til þess að leita réttar síns í þessum málum“.

Heiðrún Óladóttir sagði í bókun að meirihlutinn áskildi sér því rétt til að svara bókun U-listans síðar. **– gar**




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Þriðji hver spítali í Úkraínu er í rústum

**Enn er barist í Donbass eftir stutt vopnahlé. Rúmlega tíu þúsund eru látnir. Styttist í kosningar þar sem frambjóðendur og flokkar, vinveittir ESB og Vesturlöndum, mælast með mest fylgi.**



**Úkraínskir hermenn á gangi í bænum Bakhmutka.** NORDICPHOTOS/AFP

**ÚKRAÍNA** Stríðið í Donbass, svæði sem rúmar Donetsk- og Luhansk-héruð í Úkraínu, varð fjögurra ára í síðustu viku. Vopnahlé sem samið var um í lok mars entist ekki daginn.

Talið er að rúmlega 10.300 hafi látist í Donbass, þar af nær 3.000 almennir borgarar. Tala særðra er um 25.000. 1,4 milljónir Úkraínumanna eru á vergangi í landinu og nærri milljón hefur flúið land.

Úkraínumenn takast á við uppreisnarmenn sem eru hliðhollir Rússum og sagðir njóta stuðnings þeirra. Rússneskir hermenn hafa jafnframt ráðist beint á Donbass og hefur meginþorri alþjóðasamfélagsins fordæmt afskipti Rússa.

Washington Post birti í vikunni umfjöllun fjögurra prófessora sem einblíndu á árásir á spítala og heilsugæslur og báru saman tilkynningar frá Sameinuðu þjóðunum, rannsóknir óháðra samtaka og fréttir bæði úkraínskra og rússneskra miðla.

Á daginn kom að þriðjungur allra spítala og heilsugæsla, 82 talsins, í Donbass hefur orðið fyrir árás, flestir í eða umhverfis borgina Donetsk. Sú tala er að sögn fjórmenninganna mun hærri en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur haldið fram.

Samkvæmt rannsókninni varð mestur skaðinn þegar átökin voru sem hörðust, um áramótin 2014 og 2015. Stærstur hluti árásanna hefur verið með stórskotabyssum sem eru sjaldnast nógu nákvæmar úr þeirri fjarlægð sem skotið er til að hægt sé að hæfa spítalann vísvitandi.

Rannsókn fjórmenninganna leiddi hins vegar í ljós að heilbrigðisstofnanirnar hafa ekki verið helstu skotmörk. Um hliðarskaða sé einna helst að ræða.

Nokkur pattstaða hefur verið í Donbass og halda Úkraínumenn meirihluta héraðsins enn.

Rússneska fréttasíðan Riafan.ru, hliðholl stjórnvöldum í Moskvu, greindi frá því í lok mars að mögulega hefðu Rússar nú engra annarra kosta völ en að viðurkenna sjálfstæði þess hluta Donbass sem rússneskir uppreisnarmenn hafa tekið. Það væri möguleiki í ljósi ákvörðunar Úkraínumanna að vísa 13 rússneskum erindrekum úr landi eftir efnavopnaárásina á Sergei Skrípal í Salisbury.

Birti miðillinn viðtal við stjórnmálafræðinginn Vladímír Kornílov sem sagði viðurkenningu á sjálfstæði tveggja ríkja sem uppreisnarmenn vilja í Donbass vel hugsanlega „Rússar hafa nú aukið vogarafl gegn Úkraínumönnum og Vesturlöndum. Einn möguleikinn er að viðurkenna lýðveldin í Donetsk og Luhansk.“

Þá sagði Petró Porosjenkó, forseti Úkraínu, eftir fund með Recep Tayyip Erdogan, forseta Tyrklands, í gær að Tyrkir vildu taka þátt í starfi friðargæslusveita SÞ í Donbass.

Kosið verður til þings og forsetaembættis í Úkraínu í síðasta lagi á næsta ári. Samkvæmt könnunum mælast Petró Porósjenkó forseti og Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra, vinsælust. Flokkar þeirra mælast jafnframt vinsælastir í aðdraganda þingkosninga en báðir eru þeir á Vesturlandalínunni. Sameinaða stjórnarandstöðublokkin og Lífsflokkurinn mælast næststærstu flokkarnir en þeir eru á Rússalínunni. **thorgnyr@frettabladid.is**


## Gildi – lífeyrissjóður

*Ársfundur 2018*

*Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 12. apríl kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI

www.gildi.is


# Trump segir ýmsar leiðir færar varðandi Sýrland

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, aflýsti í gær opinberri heimsókn til Suður-Ameríku þar sem hann ætlar frekar að einbeita sér að því hvernig skuli bregðast við meintri efnavopnaárás sem sýrlenski stjórnarherinn er sagður hafa gert á almenna borgara á laugardag. Um þetta tilkynnti Sarah Sanders, fjölmiðlafulltrúi forseta, í gær.

Áður hafði Trump, sem og aðrir leiðtogar Vesturlanda, sagt að von væri á hörðum viðbrögðum við árásinni. CNN greindi frá því í gær að von væri á tilkynningu um hver þau yrðu á næstu dögum, jafnvel í nótt.

Trump sagði við blaðamenn í fyrrinótt að Bandaríkin væru að fá skýra mynd af atburðum laugardagsins. „Við höfum ýmsa möguleika á hernaðaraðgerðum,“ sagði forsetinn og bætti því við að ekkert væri útilokað. **– þea**



> Við höfum ýmsa möguleika á hernaðaraðgerðum.
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

## Enn einn hættur hjá Trump

**BANDARÍKIN** Tom Bossert, þjóðaröryggisráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sagði upp í gær. Bossert er alls ekki fyrsti starfsmaður Hvíta hússins sem hættir á kjörtímabilinu.

Samkvæmt NBC hafði Bossert ekki hugmynd um að afsagnar hans yrði óskað og hafði ekki hugsað um að hætta.

„Tom leiddi vinnu Hvíta hússins við það að skýla landinu fyrir hryðjuverkaógninni og tölvuárásum sem og viðbrögð við fordæmalausri röð náttúruhamfara,“ sagði Sarah Sanders, fjölmiðlafulltrúi embættisins.

Á því rúma ári sem Trump hefur búið í Hvíta húsinu hefur starfsmannaveltan verið lygileg. Fjöldi aðstoðarmanna og ráðherra sem hefur sagt upp eða verið sagt upp hleypur á tugum. **– þea**


KASTARA-DAGAR



50% AFSLÁTTUR AF KÖSTURUM

RAFVÖRUMARKAÐURINN

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

# Orð og gerðir



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er vart sá Íslendingur sem gerir sér ekki grein fyrir því að heilbrigðiskerfið er löngu komið að einhvers konar þolmörkum. Margar deildir á stundum yfirfullar, kostnaður langveikra oftar en ekki allt of hár, biðin eftir þjónustu löng, erfið og jafnvel ekki án afleiðinga og margar starfsstéttir innan kerfisins langþreyttar á ástandinu. Þetta ástand hefur lengi verið fyrirferðarmikið í umræðunni frá degi til dags og í stjórnmálunum í aðdraganda kosninga þegar frambjóðendur kappkosta að lofa endurreisn og boða betri tíð með blóm í haga.

Þegar ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók við í lok nóvember síðastliðins, í nafni pólitísks og efnahagslegs stöðugleika, er ekki laust við að margir hafi bundið vonir við komu Svandísar Svavarsdóttur í heilbrigðisráðuneytið. Þær vonir dvína þó ört því henni virðist ætla að verða lítið ágengt í þeim skjótu umskiptum á heilbrigðiskerfinu til betri vegar sem þorri þjóðarinnar hefur svo lengi beðið eftir. Auk þess sem Svandís er illu heilli farin að verja vondan málstað í kjaradeilu ríkisins og ljósmæðra fremur en að beita sér fyrir sómasamlegri lausn málsins.

Það er ekki að undra að ljósmæður séu ósáttar við ummæli Svandísar á Alþingi síðastliðinn mánudag þar sem hún gaf til kynna að kjaravanda ljósmæðra mætti rekja til þess að þær hefðu valið að vera innan sérstaks stéttarfélags innan BHM. Þessa undarlegu vangaveltu setti Svandís fram í framhaldi af eðlilegri fyrirspurn Guðjóns S. Brjánssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um kjarabaráttu ljósmæðra, við litla hrifningu ráðherrans. Það er þó bæði ljúft og skylt að taka fram að Svandís sagði líka að meta ætti vinnuframlag ljósmæðra til launa og samfélagslegrar virðingar. Vonandi á það líka við þá mikilvægu tveggja ára menntun sem ljósmæður sækja sér að loknu námi í hjúkrunarfræðum til þess að afla sér réttinda og færni til þessa mikilvæga starfs.

Til þessa virðist, samkvæmt svari Svandísar, að hún hafi látið duga að beita sér í deilunni gegnum forstjóra Landspítalans að bættu starfs- og vaktaumhverfi ljósmæðra. Það er nú tæpast líklegt til árangurs í ljósi þess að hvorki menntun né vinnuframlag ljósmæðra virðast metin til launa. En ef Svandís vill beita sér fyrir því að menntun ljósmæðra sé metin til launa þá gæti hún til að mynda miðað við hverju viðbótarmenntun skilar gamalgrónum háskólastéttum á borð við lögfræðinga og presta. Stéttum sem voru byggðar upp sem hefðbundnar karlastéttir sem er einmitt það sem kvennastéttir þurfa að miða að við til þess að ná fram raunverulegu launajafnrétti í samfélaginu.

Að tala fjálglega um mikilvægi ljósmæðra sem kvennastéttar sem sinnir konum á dýrmætum og mikilvægum tíma í lífi þeirra skilar þeim engu í launaumslagið. Það skilar ekki heldur jafnréttis- og launabaráttu kvenna á Íslandi fram á við á meðan orð og gerðir fara ekki saman. En vonandi ætlar Svandís Svavarsdóttir ekki að vera heilbrigðisráðherra sem segir eitt en gerir annað eða ekki neitt.

> **Að tala fjálglega um mikilvægi ljósmæðra sem kvennastéttar sem sinnir konum á dýrmætum og mikilvægum tíma í lífi þeirra skilar þeim engu í launaumslagið.**





Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14

25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki


## Halldór




## Frá degi til dags

**Gælusveppir borgarstjórnar**
**Subbuskapur er öflugt vopn í aðdraganda borgarstjórnarkosninga og illu heilli fyrir starfandi meirihluta vellur ógeðið upp víða þessa dagana. Vesturbæingar snöggreiddust um helgina er upplýsingafulltrúi Veitna gerði mislukkaða tilraun til hópeflis við að tína upp skólp við Ægisíðu. Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins, var fljót að koma því gumsi yfir á meirihlutann. Ekki tók svo betra við í gær þegar fréttabladid.is greindi frá pattaralegum myglusveppi í Háaleitisskóla. Vigdís deildi fréttinni á Facebook með þessum orðum: „Þetta eru nýju gæludýr meirihlutans sem orsakast af því að gæluverkefnin eru svo „áríðandi“ og framarlega í forgangsröðinni.“**

**Bjarni Bernharður bannfærir**
**Myndlistarmaðurinn og ljóðskáldið Bjarni Bernharður fer óhefðbundnar leiðir í markaðssetningu og sendir nú út þriggja bóka tilboð með Facebookskilaboðum. Þeim sem sýna honum „þá lítilsvirðingu“ að svara ekki er refsað með því að skáldið lokar á þá, „blokkerar“, á Facebook. Það sem af er söluherferðinni hafur ekki ómerkara fólk en Líf Magneudóttir, Auður Jónsdóttir, Viðar Eggertsson, Bjarni Harðarson, Róbert Marshall og séra Karl V. Matthíasson hlotið þessi grimmu örlög.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Styttum vinnuvikuna



Líf Magneudóttir
oddviti Vinstri grænna í Reykjavík

Við ættum að vera stórhuga og stytta verulega vinnuvikuna. Reynslan af tilraunaverkefninu okkar í Reykjavík, sem rímar við reynslu annars staðar í heiminum, hefur sýnt að það hefur margvísleg áhrif til góðs á samfélagið.

Þeir sem vinna færri en 40 stundir á viku eru afkastameiri hverja unna klukkustund en þeir sem vinna lengri vinnudag. Lífsgæðin versna því ekki við þetta heldur aukast. Rannsóknir sýna að landsframleiðsla er ekki meiri í þeim löndum þar sem vinnuvikan er lengri. Streita minnkar, veikindadögum fækkar og fólk er ánægðara í vinnunni.

Auk þessara kosta myndast meira svigrúm til að sinna fjölskyldu, börnum og maka, ættingjum, vinum og samferðafólki okkar. Við fáum þannig meiri tíma með þeim sem okkur þykir vænt um og getum frekar sinnt frístundum eða tekið þátt í samfélagslegum verkefnum. Styttri vinnuvika styrkir því lýðræðið, bætir samskipti og eflir innviði samfélagsins.

Við stuðlum að meiri samfélagslegum jöfnuði með styttri vinnuviku. Forsendan fyrir framgangi í starfi felst ekki aðallega í löngum vinnudegi. Með styttri vinnuviku dregur úr kostnaði við umönnun barna, hraðinn í atvinnulífinu minnkar og færir okkur frá hugmyndinni um að vinnan sé tilgangur lífsins. Vistspor okkar minnkar, meiri tími gefst til að lifa sjálfbærara lífi og draga úr óþarfa neyslu og notkun einkabílsins.

Að auki felst í þessu fyrirkomulagi auðveldari aðlögun að því að minnka við sig vinnu þegar líður á ævina og undirbúa eftirlaunaárin. Viðbrigðin við að hætta að vinna, sem oft stuðlar að veikindum, kvíða og þunglyndi, yrðu einfaldlega ekki eins mikil. Almenningsviðhorfið í þessum efnum getur breyst ansi hratt með róttækum aðgerðum. Við förum fljótt úr vanþóknun yfir í velþóknun. Ég lít svo á að þessi litlu en mikilvægu skref sem stigin hafa verið með tilraunaverkefnið í Reykjavíkurborg séu upphafið að samtali á landsvísu – samtali milli stjórnvalda, verkalýðshreyfinga, atvinnurekenda og almennings. Það yrði heillavænlegt skref, sem við Vinstri græn lögðum til á sínum tíma að yrði stigið, í átt að betra og manneskjulegra samfélagi. Til hamingju, Reykjavík, með það.

> **Auk þessara kosta myndast meira svigrúm til að sinna fjölskyldu, börnum og maka, ættingjum, vinum og samferðafólki okkar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Svört Hvítbók forstjórans



**Guðjón Brjánsson**
þingmaður Samfylkingarinnar

Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands svarar þann 5. apríl sl. tveimur greinarstúfum mínum um stofnunina sem birtust fyrir skömmu í Fréttablaðinu. Honum þykir nóg um bíræfni mína, meint gífuryrði og sleggjudóma. Greinin sé augljóslega rituð í tilfinningalegu uppnámi og geðshræringu. Ég sjái hvergi ljós, bara náttmyrkur.

Vera kann að ég horfi ekki til þessarar lykilstofnunar í sama ljósi og forstjórinn sem skóp hana frá fyrsta degi. Hann hefur verið með puttana í flestum samningum um heilbrigðisþjónustu. Hann hefur varðað leiðina og varið sjónarmið og verklag sem að henni lúta sem oft hafa orkað tvímælis.

**Tilfinningalegt uppnám**

Mér misbýður, ekki persónulega, heldur miklu fremur vegna mismununar sem á sér stað, sérstaklega gagnvart þúsundum landsmanna sem ekki njóta jafnræðis skv. þeim lögum sem stofnunin á að vinna eftir. Þar á ég einkum við íbúa utan höfuðborgarsvæðisins. Yfir þessu ætti forstjórinn sjálfur að vera skekinn og jafnvel að vera í tilfinningalegu uppnámi.

Það er broslegt hvernig forstjórinn kemst að þeirri niðurstöðu að skýrsla Ríkisendurskoðunar sé eiginlega Hvítbók því svo alvarlegar og margvíslegar ávirðingar koma fram um starfsemi stofnunarinnar á þeim tíu árum sem hún hefur starfað, flest árin með myndarlegum halla.

**Tvær spurningar**

Úttekt Ríkisendurskoðunar leitar svara við tveimur meginspurningum:

1. Eru samningar Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu hagkvæmir og árangursríkir? Stuðla þeir að skilvirkni innan heilbrigðiskerfisins í heild?
2. Eru annmarkar á starfsumhverfi, starfsemi og starfsháttum stofnunarinnar við gerð og framkvæmd samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu?

**Þetta segir skýrslan**

Við yfirlestur skýrslunnar blasir við harla dapurleg niðurstaða, hugsanlega einhvers staðar í námunda við falleinkunn. Meðal atriða sem upp úr standa eru eftirfarandi:

- Sjúkratryggingar Íslands hafa aldrei mótað sér langtímastefnu eins og þeim ber skv. lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.
- Gerðir hafa verið ómarkvissir samningar um kaup á heilbrigðisþjónustu, stundum ekki í samræmi við lög.
- Enn eru í gildi samningar við fagfélög og stéttarfélög. Það er í andstöðu við lög um sjúkratryggingar.
- Í rammasamningi um læknisþjónustu utan sjúkrahúsa eru ekki ákvæði um skilgreint magn, gæði eða jafnt aðgengi allra landsmanna.
- Vísbendingar eru um að samningurinn sé ekki í samræmi við eðlilega þjónustuþörf, þar séu fjárhagslegir hvatar til mikilla afkasta óháð gæðum og árangri.
- Sjúkratryggingar Íslands hafa ekki virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda.
- Verulega skortir á upplýsingar um ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða ef horft er til heildarhagsmuna sjúkratryggðra og ríkisins.
- Sjúkratryggingar Íslands ganga til samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu án heildstæðra og ítarlegra þarfa- og kostnaðargreininga.
- Samstarf við Embætti landlæknis um gæðaeftirlit hefur ekki verið fyrir hendi frá því Sjúkratryggingar Íslands tóku til starfa.
- Ætlunin var að flytja starfsmenn frá þremur aðilum innan stjórnsýslunnar til Sjúkratrygginga Íslands í upphafi og efla stofnunina faglega. Þetta hefur aldrei verið gert.
- Það ríkir fagleg togstreita milli Sjúkratrygginga Íslands og lykilstofnana í heilbrigðiskerfinu.
- Ríkisendurskoðun gagnrýnir ómarkvisst eftirlit með ýmsum samningum. Verkaskipting milli velferðarráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands er óljós.
- Flest bendir til að sérfræðiþjónusta á landsbyggðinni sé ófullnægjandi skv. skýrslunni. Engin þarfagreining liggur fyrir.
- Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við, að viðsemjendur Sjúkratrygginga Íslands hafi verulega aðkomu að undirbúningi stefnumarkandi ákvarðana um fjárútlát.
- Heildareiningafjöldi sem greiddur er sérgreinalæknum hefur ítrekað farið fram úr áætlunum árin 2014-2016 og það í sívaxandi mæli.

**Það eru umtalsverðir breytingatímar fram undan og sameiginlegir hagsmunir okkar miklir. Þjóðarbúið ver milljarðatugum til heilbrigðisþjónustu og aukin krafa er gerð um vandaða og markvissa ráðstöfun fjármuna.**

**Ótti við breytingar?**

Forstjórinn nefnir í grein sinni meintan ótta minn við breytt greiðslufyrirkomulag fyrir heilbrigðisþjónustu og gerir því skóna að ég sé fullur tortryggni. Ótti minn er enginn en eftirvæntingin hins vegar umtalsverð. Þetta er löngu tímabær ákvörðun en hafa verður þó í huga að jafnræði ríki meðal stofnana, óháð rekstrarformi. Eini fyrirvarinn er sá að enn verði landsbyggðin látin mæta afgangi. Það sem ég færði í orð var einungis það sem fram kemur í sjálfri skýrslunni um reynslu nágrannalandanna og alþjóðlegra sérfræðinga. Þar reynir sem aldrei fyrr á Sjúkratryggingar Íslands í markvissri og vel skilgreindri samningagerð.

**Vegurinn og ljósið**

Það eru umtalsverðir breytingatímar fram undan og sameiginlegir hagsmunir okkar miklir. Þjóðarbúið ver milljarðatugum til heilbrigðisþjónustu og aukin krafa er gerð um vandaða og markvissa ráðstöfun fjármuna.

Á þessu sviði munu Sjúkratryggingar Íslands að óbreyttu gegna veigamiklu hlutverki. Forstjórinn segist nú fylgja góðum vegvísi og sinni Hvítbók sem vonandi nýtist vel. Honum og öllu hans góða starfsfólki er óskað velfarnaðar í krefjandi verkefnum.



# Ísland sótti gull í greipar frænda okkar í Færeyjum

**Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vann öruggan 5-0 sigur gegn Færeyjum í undankeppni HM 2019. Barátta Þýskalands og Íslands um toppsætið í riðlinum í undankeppninni heldur áfram. Tvö stig skilja Þýskaland og Ísland að og útlit fyrir að liðin mætist í slag um toppsætið á Laugardalsvellinum næsta haust.**

**FÓTBOLTI** Leikmenn og forráðamenn íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu gerðu skýra kröfu um að tryggja sér sex stig úr leikjum sínum gegn Slóveníu og Færeyjum í undankeppni HM 2019. Ísland lagði Slóveníu að velli á föstudaginn var og íslenska liðið bjó svo um hnútana að markmiðið um stigin sex næðist með öruggum 5-0 sigri á Færeyjum í gærkvöldi.

Ísland er nú tveimur stigum á eftir Þýskalandi sem trónar á toppi riðilsins, en íslenska liðið á leik til góða á Þjóðverja. Ísland mætir Slóveníu á Laugardalsvelli 11. júní næstkomandi og takist íslenska liðinu að fara með sigur af hólmi í þeim leik verður liðið með eins stigs forskot á Þýskaland þegar liðin mætast í toppslag riðilsins í september næsta haust.

Það voru Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Rakel Hönnudóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Agla María Albertsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir sem skoruðu mörk íslenska liðsins í gær. Gunnhildur Yrsa er þar af leiðandi orðin markahæsti leikmaður íslenska liðsins í undankeppninni með fjögur mörk. Rakel Hönnudóttir skoraði líkt og Gunnhildur Yrsa í báðum leikjunum í þessum legg í undankeppninni. Þá skoraði Harpa sitt fyrsta landsliðsmark síðan í lokakeppni EM 2017 og Agla María fyrsta mark sitt fyrir íslenska landsliðið.



**Góður sigur í Færeyjum. Leikmenn íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu fagna einu af fimm mörkum í glæsilegum 5-0 sigri sínum gegn Færeyingum í undankeppni HM 2019 í Þórshöfn í gær.** MYND/HAFLIÐI BREIÐFJÖRÐ

**Allt gengur samkvæmt áætlun**

„Við erum bara kampakát með þessa niðurstöðu og það er mikill léttir að hafa landað þessum tveimur sigrum gegn Slóveníu og síðan Færeyjum. Þetta var þolinmæðisverk og Færeyjar létu okkur hafa fyrir þessum sigri. Það er hins vegar jákvætt að skora fimm góð mörk og halda markinu hreinu," sagði Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska liðsins, brattur þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir leikinn í gærkvöldi.

„Við skerptum á okkar áherslum í hálfleik og seinni hálfleikur var mun betri en sá fyrri. Þar förum við eftir þeirri uppskrift sem lögð var upp fyrir leikinn og vorum árásargjarnari í sóknaraðgerðum okkar. Það er jákvætt að Harpa hafi fundið netmöskvana og það er gaman að sjá í hversu góðu formi Gunnhildur Yrsa er. Annars var þetta liðssigur og margar sem spiluðu vel að þessu sinni," sagði Freyr um frammistöðu íslenska liðsins.

„Það er frábært að vera búin með útileikina okkar í þessari undankeppni og að vera í svona góðri stöðu á þessum tímapunkti. Við erum einmitt í þeirri stöðu sem við ætluðum okkur fyrir heimaleikina þrjá sem fram undan eru. Nú er eitt ljón í veginum, það er Slóvenía á heimavelli í júní, en sigur í þeim leik tryggir toppslag gegn Þýskalandi næst haust," sagði Freyr um framhaldið hjá íslenska liðinu.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna, undanúrslit**

**Haukar - Skallagrímur 77-63**

**Haukar:** Whitney Michelle Frazier 31, Helena Sverrisdóttir 20, Þóra Kristín Jónsdóttir 12, Rósa Björk Pétursdóttir 6, Anna Lóa Óskarsdóttir 4, Hrefna Ottósdóttir 2, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 2..
**Skallagrímur:** Carmen Tyyson-Thomas 20, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 18, Bríet Lilja Sigurðardóttir 9,Jeanna Sicat 5, Árnína Lena Rúnarsdóttir 5, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 2.

*Staðan í einvíginu er 3-0 fyrir Hauka sem eru komnir í úrslitaeinvígið.*

**Keflavík - Valur 95-79**

**Keflavík:** Brittany Dinkins 40, Thelma Dís Ágústsdóttir 29, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 8, Erna Hákonardóttir 6, Embla Kristínardóttir 5, Birna Valgerður Benónýsdóttir 4. Irena Sól Jónsdóttir 3.
**Valur:** Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 26, Aalyah Whiteside 21, Hallveig Jónsdóttir 12, Guðbjörg Sverrisdóttir 10, Dagbjört Samúelsdóttir 5, Bergþóra Holton Tómasdóttir 3, Ragnheiður Benónísdóttir 2.

*Staðan í einvíginu en 2-1 fyrir Val.*

**Meistaradeild Evrópu, 8-liða úrslit, seinni leikir**

**Roma - Barcelona 3-0**

1-0 Edin Dzeko (6.), 2-0 Daniele De Rossi (víti) (58.), Konstantinos Manolas (82.).

*Einvígið endar samanlagt 4-4, en Roma fer áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.*

**Man. City - Liverpool 1-2**

1-0 Gabriel Jesus (2.), 1-1 Mohamed Salah (56.), 2-1 Roberto Firmino (77.)

*Liverpool vinnur einvígið samanlagt 5-1 og fer því áfram í undanúrslit keppninnar.*

**Umspil Olís-deild kvenna**

**Grótta - FH 19-18**

*Grótta vinnur einvígið 2-1 og leikur til úrslita um laust sæti í efstu deild á næstu leiktíð.*

**HK - ÍR 26-24**

*HK vinnur einvígið 2-1 og leikur til úrslita um laust sæti í efstu deild á næstu leiktíð.*



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. apríl 2018 14. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Búið að byggja upp miklar væntingar um útgjaldaloforð

Hagfræðingur Viðskiptaráðs óttast að væntingar um útgjaldaaukningu séu of miklar. Allt þurfi að ganga upp til þess að væntingarnar standist. Stóra málið að fjármunirnir verði nýttir þar sem þörfin er mest og áhrifin á þenslu verða hvað minnst. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



»2

## Tíu stærstu leigusalarnir veltu 1,3 milljörðum

Airbnb er orðin næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins með 30 prósenta hlutdeild. 76 prósent af fjölgun gistinátta í fyrra má rekja til Airbnb. Tíu stærstu leigusalarnir veltu 1,3 milljörðum.

»4

## Telur vörumerkið geta náð fótfestu um allan heim

Framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding segir mikil sóknarfæri fyrir framleiðendur til að nýta sér vörumerkið og sækja á erlenda markaði. Vel fari á því að þjóðin eignist vörumerkið. Hún vill útvíkka notkun þess.

»10

## Götóttur þjóðarsjóður

„Lítið hefur verið útskýrt hvers vegna tekjurnar í sjóðinn eiga eingöngu, að minnsta kosti til að byrja með, að koma frá endurnýjanlegum orkuauðlindum," segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í aðsendri grein.




# Seðlabankinn greiddi 800 milljónir vegna útboða

Seðlabanki Íslands greiddi á síðasta ári ríflega 793 milljónir króna í gjöld vegna gjaldeyrisútboða sem tengdust aflandskrónuútboði bankans, að því er fram kemur í ársreikningi bankans. Til samanburðar greiddi bankinn 121 milljón króna í gjöld vegna gjaldeyrisútboða árið 2016.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum er einkum um að ræða uppgjörskostnað vegna aflandskrónuviðskipta bankans á árinu.

Bankinn keypti aflandskrónueignir fyrir samtals 112,4 milljarða króna í fyrra. Eftir umrædd viðskipti nema aflandskrónueignir um 3,5 prósentum af vergri landsframleiðslu, en til samanburðar var hlutfallið um 40 prósent árið 2009.

Þjónustugjöld bankans námu 1,4 milljörðum króna í fyrra og hækkuðu um 55 prósent á milli ára. – kij

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

## Haustpróf í verðbréfaviðskiptum 2018

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

**Próf úr I. hluta**

| | |
|---|---|
| 27. ágúst 2018 | Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar. Ágrip úr réttarfari. |
| 28. ágúst 2018 | Viðfangsefni úr fjármunarétti, félagarétti, ábyrgðir. |
| 29. ágúst 2018 | Viðskiptabréfareglur, veðréttindi, þinglýsingar |

**Próf úr II. hluta**

| | |
|---|---|
| 3. september 2018 | Grunnatriði í fjármálafræðum. |
| 4. september 2018 | Grunnatriði í þjóðhagfræði. |
| 5. september 2018 | Greining ársreikninga. |

**Próf úr III. hluta**

| | |
|---|---|
| 10. september 2018 | Lög og reglur á fjármálamarkaði. |
| 11. september 2018 | Viðskiptahættir. |
| 12. september 2018 | Verðbréf, afleiður og gjaldeyrir. |
| 13. september 2018 | Fjárfestingarferli. |

Próftími er 4 klukkustundir og tímasetning hvers prófs er 16:00 til 20:00.

Prófsefni er tilgreint í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfaviðskipta á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis:
https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR:
http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefavidskiptum/

**Skráningu í haustpróf lýkur 19. júní 2018.**

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 18.000 fyrir hvert próf.
Vakin er athygli á að haustpróf verður ekki haldið nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í viðkomandi próf, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Haustprófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2017-2018.

Tilkynning um þau haustpróf sem verða haldin verður send út til skráðra próftaka 26. júní 2018.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem verða haldin. Skráning í próf er bindandi og greiðsluseðlar verða ekki felldir niður.

*Reykjavík, 11. apríl 2018.*

***Prófnefnd verðbréfaviðskipta***



**Aukin ásókn erlendra ferðamanna í gistingu á vegum Airbnb hefur leitt til þess að leiguvefurinn er nú næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins. Gistinóttum á vegum Airbnb fjölgaði um 1,6 milljónir á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Veltu 1.300 milljónum

**Leiguvefurinn Airbnb er orðinn næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins með um 30 prósenta hlutdeild. Gistinóttum á vegum Airbnb fjölgaði um 1,6 milljónir í fyrra. Tíu tekjuhæstu leigusalarnir veltu samtals 1,3 milljörðum króna.**

Hátt í 80 prósent af fjölgun gistinátta á síðasta ári má rekja til fjölgunar gistinátta á leiguvefnum Airbnb, að því er fram kemur í nýrri skýrslu Íslandsbanka um stöðu ferðaþjónustunnar sem kemur út í dag. Þróist gistiþjónustumarkaðurinn með sama hætti og verið hefur er útlit fyrir að leigusalar á Airbnb selji álíka margar, ef ekki fleiri, gistinætur en öll hótel landsins til samans á þessu ári.

Í skýrslunni segir að alls hafi um 11,6 milljónir gistinátta verið seldar í fyrra. Þar af hafi næstflestar, eða um 3,2 milljónir gistinátta, verið seldar í gegnum Airbnb en til samanburðar seldu hótel landsins um 4,3 milljónir gistinátta. Leiguvefurinn er því orðinn næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins, með 30 prósenta hlutdeild, og um þrisvar sinnum stærri en sú þriðja umfangsmesta, gistiheimilin.

Rakið er í skýrslunni að gistinóttum hafi fjölgað um 2,1 milljón á síðasta ári en af þeirri fjölgun hafi Airbnb tekið til sín 76 prósenta hlutdeild. Fjölgaði seldum gistinóttum á vegum Airbnb um 1,6 milljónir á árinu.

Elvar Orri Hreinsson, sérfræðingur hjá Samskiptum og greiningu hjá Íslandsbanka, bendir á, til marks um mikinn uppgang Airbnb hér á landi, að allar tegundir gististaða hafi misst hlutdeild til Airbnb frá árinu 2015. „Airbnb er eini aðilinn á gistiþjónustumarkaðinum sem hefur verið að auka við hlutdeild sína. Ástæðan er sú að leiguvefurinn hefur verið að sópa til sín langstærstum hluta af stækkun kökunnar á markaðinum.

> **Airbnb er eini aðilinn á gistiþjónustumarkaðinum sem hefur verið að auka við hlutdeild sína.**
>
> Elvar Orri Hreinsson, sérfræðingur hjá Samskiptum og greiningu hjá Íslandsbanka



Rótin að þeirri þróun er sú að hótelin hafa ekki aukið framboð sitt í takti við fjölgun ferðamanna á undanförnum árum. Það á sér fullkomlega eðlilegar skýringar þar sem hótelverkefni eru langtímaverkefni og er ekki við því að búast að hótelin auki framboð sitt í takti við fjölgun ferðamanna þegar hún er eins hröð og hún hefur verið."

Elvar Orri segir að þannig hafi myndast umframeftirspurn eftir gistingu á landinu og Airbnb hafi mætt þeirri eftirspurn. „Það má því færa rök fyrir því að Airbnb hafi átt ríkan þátt í þeirri velmegun sem ferðaþjónustan hefur skapað grundvöll fyrir hér á landi, enda hefðum við ekki getað tekið á móti öllum þessum fjölda ferðamanna ef ekki hefði verið fyrir tilkomu Airbnb."

Í skýrslu Íslandsbanka kemur auk þess fram að tekjur leigusala, sem nota Airbnb hér á landi, hafi numið 19,4 milljörðum króna í fyrra og aukist um 109 prósent frá fyrra ári. Tekjuhæsti leigusali síðasta árs velti samtals 230 milljónum króna og bauð upp á 46 útleigurými, að því er segir í skýrslunni, en samtals veltu tíu tekjuhæstu leigusalarnir 1,3 milljörðum króna.

Sá leigusali sem var með hvað mestar tekjur á hvert útleigurými velti rúmum 12 milljónum króna á hvert rými yfir 12 mánaða tímabil. Jafngildir það rúmri einni milljón króna á hvert rými í hverjum mánuði. „Það er því ljóst að leigusalar geta aflað umtalsvert meiri tekna með því að leigja erlendum ferðamönnum í gegnum Airbnb en með því að leigja á hefðbundnum leigumarkaði. Hefur þessi hvati leitt til þess að íbúðir á hefðbundnum leigumarkaði eru færri en ella sem veldur að öðru óbreyttu hækkunarþrýstingi á leiguverð," segir í skýrslunni.

Í skýrslu Íslandsbanka er auk þess rakið að um 93 prósent fyrirtækja í ferðaþjónustu hafi skilað einungis um 19 prósentum af heildarrekstrartekjum atvinnugreinarinnar árið 2016. Greinin einkennist þannig af fáum stórum fyrirtækjum og mörgum litlum. Á sama ári námu rekstrartekjur ferðaþjónustunnar 385 milljörðum króna og þar af voru rekstrartekjur tíu stærstu fyrirtækjanna 208 milljarðar eða sem nemur 54 prósentum af heildarrekstrartekjum greinarinnar. Þá voru aðeins tvö fyrirtæki, flugfélögin Icelandair og Wow air, með ríflega þriðjung heildarrekstrartekna í greininni á árinu. **kristinningi@frettabladid.is**

# Hagnaður GAMMA minnkaði um fjórðung

Hagnaður fjármálafyrirtækisins GAMMA Capital Management nam tæplega 626 milljónum króna í fyrra og dróst saman um 26 prósent frá fyrra ári. Þar munaði mestu um að annar rekstrarkostnaður en laun og launatengd gjöld var 842 milljónir á árinu og jókst um liðlega 300 milljónir á milli ára. Rekstrargjöld GAMMA námu samtals 1.398 milljónum á tímabilinu og hækkuðu um 43 prósent.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi voru umsýslu- og árangurstengdar þóknanir félagsins um 2.078 milljónir á árinu 2017 og jukust tekjurnar um 116 milljónir frá fyrra ári.

Heildareignir GAMMA í árslok 2017 voru 3.236 milljónir og hækkuðu um rúmlega 740 milljónir á árinu. Sú aukning skýrist að stærstum hluta af því að langtímakröfur á fagfjárfestasjóði jukust um 877 milljónir á milli ára og nam bókfært virði þeirra tæplega 1.443 milljónum í lok ársins. Þær kröfur eru komnar til vegna ákvæða um árangurstengda þóknun GAMMA sem tekur mið af ávöxtun sjóðanna umfram ákveðin viðmið á fimm ára tímabili.



**Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA.**

Á árinu 2017 voru samtals 46 sjóðir í rekstri hjá GAMMA og námu eignir í stýringu félagsins tæplega 139 milljörðum í lok síðasta árs. Fjöldi starfsmanna var að meðaltali 22 í fyrra borið saman við 21 árið áður. Á sama tíma jókst launakostnaður GAMMA um 120 milljónir á árinu og var samtals um 557 milljónir á síðasta ári. GAMMA hefur haslað sér völl erlendis, fyrst með opnun skrifstofu í London árið 2015, og síðan í New York í fyrra. Hins vegar var horfið frá áformum um að opna skrifstofu í Zürich í Sviss.

Eigið fé félagsins nam 2.054 milljónum í árslok og var eiginfjárhlutfallið 47 prósent. Stjórn GAMMA leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á þessu ári vegna rekstrarársins 2017. Stærstu hluthafar GAMMA eru Gísli Hauksson, sem lét af störfum hjá félaginu í ársbyrjun, með 31 prósents hlut, og Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri Sjóða, með rúmlega 29,7 prósenta hlut. – hae

# FRUMSÝNING LAUGARDAG 12-16




## NÝR FORD TRANSIT CUSTOM BETRI EN NOKKRU SINNI!

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn með olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu ökumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.

FORD TRANSIT CUSTOM KOSTAR FRÁ:

**2.870.000** KR. ÁN VSK.

3.590.000 KR. MEÐ VSK.

**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Transit Custom***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



„Vörumerkið gæti svo vel náð til fleiri vöruflokka en aðeins sjávarafurða,“ segir Sara Lind Þrúðardóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding. Vörumerkið var í gær afhent ríkinu til ævarandi eignar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vörumerkið geti náð fótfestu um allan heim

**Framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding segir mikil sóknarfæri fyrir framleiðendur í að nýta sér Icelandic-vörumerkið til að sækja á erlenda markaði. Vel fari á því að þjóðin eignist vörumerkið. Hún vill útvíkka notkun merkisins.**

Sara Lind Þrúðardóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding, félags sem heldur utan um rekstur vörumerkjanna „Icelandic“ og „Icelandic Seafood“, segir vel fara á því að íslenska þjóðin eignist vörumerki sem vísi eins sterkt í uppruna sinn og umrædd vörumerki gera. „Íslensk fyrirtæki munu þannig geta tengt sig við uppruna sinn og þar með styrkt efnahagslegar undirstöður samfélagsins til lengri tíma litið,“ segir hún í samtali við Markaðinn.

Hún telur Icelandic-vörumerkið, sem var í gær afhent ríkinu til ævarandi eignar, vel geta náð fótfestu á fleiri mörkuðum.

„Mér finnst þetta merki geta – í óumdeildu eignarhaldi – ferðast um allan heim. Það felast í því mikil sóknarfæri fyrir íslenska framleiðendur að nýta sér merkið til þess að sækja á erlenda markaði. Áhugi umheimsins á Íslandi hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og eins gera neytendur sífellt meiri kröfur til rekjanleika matvara og eru tilbúnir að greiða hærra verð fyrir hágæðavörur. Tækifærin eru því sannarlega fyrir hendi.“

Icelandic Trademark Holding, sem hefur verið í eigu Framtakssjóðs Íslands, var stofnað til þess að halda utan um markaðssetningu vörumerkisins ásamt þjónustu við leyfishafa.

„Ég fékk það verkefni á mitt borð fyrir rúmum tveimur árum,“ segir Sara Lind, „að skoða möguleika vörumerkisins og hvernig hægt væri að auka virði þess enn frekar til framtíðar. Við fórum í mikla vinnu með erlendum og innlendum ráðgjöfum, ferðuðumst um heiminn, hittum þá sem hafa unnið með merkið og fleiri og leituðum meðal annars svara við því hvað vörumerkið stæði fyrir.

Rauði þráðurinn í þeim svörum var að merkið stæði fyrir hreinleika, sjálfbærni, náttúru og gæði. Við ákváðum því að til framtíðar myndu aðeins hágæða íslenskar afurðir verða seldar undir vörumerki Icelandic.“

Sara Lind segir að hingað til hafi vörumerkið einkum verið notað fyrir sjávarafurðir. Vinna síðustu missera hafi hins vegar leitt í ljós að mikil tækifæri geti falist í því að útvíkka notkun merkisins þannig að það nái yfir fleiri íslenskar afurðir, til dæmis lýsi, skyr, ost og aðrar landbúnaðarafurðir, svo aðeins nokkur dæmi séu nefnd. „Vörumerkið gæti svo vel náð til fleiri vöruflokka en aðeins sjávarafurða,“ segir hún.

Sara Lind bendir á að margir íslenskir framleiðendur sinni framleiðslu sinni af kostgæfni og séu færir í sínu fagi en það sé þeim hins vegar kostnaðarsamt að þróa sjálfir vörumerki og búa til markaðsefni og auglýsingar fyrir vörurnar sínar.

„Þar komum við til sögunnar. Við getum hjálpað framleiðendum við að kynna og markaðssetja vörur sínar undir vörumerki Icelandic á erlendum mörkuðum. Í stað þess að framleiðendur séu hver í sínu horni getum við byggt Icelandic upp sem eins konar vettvang fyrir þá, þar sem þeir fá stuðning til þess að koma afurðum sínum á framfæri á mörkuðum erlendis. Það er stóra hugmyndin. Svo er að vinna áfram með hana með nýjum eiganda.“

Félagið standi vörð um vörumerkið á þeim mörkuðum þar sem það er skráð. Inn í samstarfið geti þannig komið nýir framleiðendur og nýtt sér að selja vörur sínar undir vörumerkinu, auk þess að hafa aðgang að markaðs- og kynningarefni, mörkuðum og þjónustu af hálfu Icelandic Trademark Holding. Allt þetta lúti að því að auka hróður og verðmæti íslenskra afurða.

> **Rauði þráðurinn í þeim svörum var að markið stæði fyrir hreinleika, sjálfbærni, náttúru og gæði.**
>
> Sara Lind Þrúðardóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding

## Eins og hið fullkomna hjónaband

Í febrúar skrifuðu Icelandic Trademark Holding og Margildi undir leyfissamning um markaðssetningu og sölu á fiskolíum undir vörumerkinu „Icelandic Fish Oil“ í Bandaríkjunum, en Margildi er íslenskt fyrirtæki sem hefur sérleyfisvarða aðferð við að framleiða hágæðalýsi til manneldis.

Sara Lind segir samninginn þann fyrsta sem Icelandic Trademark Holding hafi gert við fyrirtæki sem selji ekki sjávarafurðir. Fleiri framleiðendur hafi sýnt áhuga á viðlíka samstarfi.

„Samstarfið við Margildi er frábært dæmi um það hvernig við getum unnið saman með framleiðendum. Þeir eru með þeim bestu í heiminum í því sem þeir gera en þá vantaði hins vegar vörumerki og stuðning til þess að komast inn á Bandaríkjamarkað. Ég líki þessu stundum við hið fullkomna hjónaband. Við komum inn í sambúðina með vörumerkið, markaðsefni, auglýsingar og stuðning til þess að komast á erlenda markaði en þeir koma með olíurnar. Saman myndum við sterka einingu. Ég sé fram á að við getum gert það sama í samstarfi við fleiri íslenska framleiðendur. Margildi er fyrst en aðrir framleiðendur geta svo sannarlega fylgt í kjölfarið.“

**Samstarfið við Highliner eflt**

Icelandic Trademark Holding er með nytjaleyfissamninga við Solo Seafood, eiganda Ibérica á Spáni, sem selur íslenskar sjávarafurðir undir vörumerkjum Icelandic í suðurhluta Evrópu, og Highliner Foods, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki í Norður-Ameríku, sem er leyfishafi vörumerkingar fyrir frosnar sjávarafurðir. Samningurinn við síðarnefnda fyrirtækið rennur út á þessu ári.

„Stjórnendur Highliner Foods hafa mikinn áhuga á því að endurnýja samninginn við okkur og efla samstarfið til framtíðar, til dæmis með því að þróa nýjar vörur undir vörumerkinu og setja aukinn kraft í markaðs- og sölustarf. Í því geta falist mikil tækifæri fyrir íslenska framleiðendur.“

Sara Lind segir að viðræðurnar um endurnýjun samningsins séu á lokametrunum. Hún tekur fram að samkvæmt nýjum samningi verði einungis seldar vörur af íslenskum uppruna undir vörumerkinu.

kristinningi@frettabladid.is













NESPRESSO
EINSTÖK MORGUNUPPLIFUN
Hvað svo sem dagurinn ber í skauti sér getur þú alltaf notið ilmandi **Nespresso**.
Viltu sterkt kaffi með mikið brenndum keim eða milt kaffi sem angar af
kryddum og blómum? Finndu þína fullkomnu morgunblöndu og kíktu við
í verslun okkar í Kringlunni eða pantaðu á **www.nespresso.is**
Morgunbollinn setur tóninn fyrir daginn þinn - hafðu hann góðan.
what else?
NESPRESSO
Skráðu þig í **Nespresso** klúbbinn / www.nespresso.is

# Aukning sem „á sér ekki hliðstæðu“

**Lítið má út af bregða til að afgangur af rekstri ríkissjóðs breytist í halla. Hagfræðingur Kviku segir að vegna minni aðhalds í ríkisfjármálum komi mögulega fram þensluáhrif á næsta ári. Hagfræðingur Viðskiptaráðs óttast að væntingar um útgjaldaloforð séu of miklar.**

**Kristinn Ingi Jónsson**
kristinningi@frettabladid.is



Aðhald í ríkisfjármálum mun minnka umtalsvert á næstu árum samkvæmt nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2023. Hagfræðingar sem Markaðurinn ræddi við segja lítið mega út af bregða í tekjuáformum ríkisstjórnarinnar til þess að sá litli afgangur sem gert er ráð fyrir í fjármálaáætluninni snúist í halla.

„Þrátt fyrir að ekki sé verið að verða við kröfum allra og standa við öll kosningaloforð, þá er afgangurinn í minna lagi. Fjármálaráð hefur til að mynda bent á að betra væri ef ríkið hefði vaðið meira fyrir neðan sig,“ segir Ari Skúlason, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans.

Kristrún Frostadóttir, hagfræðingur Kviku banka, segir að vegna minnkandi aðhalds í ríkisfjármálum á milli ára komi mögulega fram einhver þensluáhrif á næsta ári.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, bendir á að efnahagsspáin sem fjármálaáætlunin byggir á sé afar bjartsýn og geri ráð fyrir einu lengsta hagvaxtarskeiði íslenskrar hagsögu. „Er það skynsamlegt að byggja stefnu um opinber fjármál á því að við munum sjá eitt lengsta hagvaxtarskeið sem við höfum séð? Það er eitt að stefna að því en annað að treysta á það og byggja þannig upp væntingar um aukin útgjöld.“

Í fyrstu fjármálaáætlun ríkisstjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem kynnt var í síðustu viku, er gert ráð fyrir að frumgjöld ríkissjóðs, það eru heildargjöld að undanskildum vaxtagjöldum, aukist um 85 milljarða króna eða sem nemur hátt í 12 prósent á föstu verðlagi á árunum 2019 til 2023.

Samkvæmt áætluninni verða frumgjöldin alls 829 milljarðar króna að raunvirði árið 2023. Felur áætlunin í sér að frumgjöld vaxi um 35 milljarða á næsta ári en síðan um 12,5 milljarða að meðaltali á ári eftir það. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs fari undir lok tímabilsins – árið 2023 – yfir eitt þúsund milljarða króna, á verðlagi þess árs, og verði samtals 1.012 milljarðar.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði þegar hann kynnti áætlunina að aukning ríkisútgjalda næmi 5 prósentum að raungildi á milli áranna 2018 og 2019, ef miðað væri við fjárlagafrumvarp yfirstandandi árs, en til samanburðar var raunvöxtur útgjalda ríkissjóðs um 8,5 prósent á milli áranna 2016 og 2017.

Fjármálaráð, sem er ætlað að leggja mat á hvort fjármálaáætlun stjórnvalda fylgi þeim grunngildum sem lög kveða á um að stefnumörkun í opinberum fjármálum skuli byggð á, vakti athygli á því í lok síðasta árs að stjórnvöld boðuðu framhald útgjaldaaukningar sem „á sér ekki hliðstæðu á síðustu áratugum“.

„Aukning útgjalda sem jafnframt felur í sér að aðhaldsstigi sé viðhaldið við þensluaðstæður kallar á frekari tekjuöflun eða niðurskurð annarra útgjalda eða blöndu hvors tveggja. Ef stjórnvöld gera hvorugt felur það í raun í sér að þau velta ábyrgðinni yfir á stjórn peningamála, að öðru óbreyttu,“ sagði í áliti fjármálaráðs.

Nefndarmenn peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands voru auk þess sammála um það í desember í fyrra, að því er fram kom í fundargerð nefndarinnar, að peningalegt aðhald þyrfti að vera meira en ella ef það slaknaði á aðhaldi í ríkisfjármálum á þessu ári. Í febrúar síðastliðnum tók nefndin aukinheldur fram að kröftugan vöxt innlendrar eftirspurnar mætti að nokkru leyti rekja til „tilslökunar í opinberum fjármálum sem ekki væri þörf á miðað við stöðu hagsveiflunnar“.

Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði í kringum eitt prósent af vergri landsframleiðslu og fari ekki undir 0,8 prósent á næstu árum. Fjármálaráð hefur bent á að flest bendi til þess að afkoman verði í raun neikvæð ef miðað er við frumjöfnuð hins opinbera og hann leiðréttur fyrir áhrifum hagsveiflunnar. Af þeim sökum skjóti það skökku við að svo virðist sem stjórnvöld séu „að gefa aftur í á sama tíma og óvissan hefur aukist“ þegar þau ættu að vera að bremsa og slaka á aðhaldsstiginu.

Kristrún segir að þó svo að gert sé ráð fyrir að afgangur af rekstri ríkissjóðs fari minnkandi – og útgjöld hækkandi – þá sé afgangur sem nemur einu prósenti af landsframleiðslu ekki mjög lítill sögulega séð. „Við bjuggum auðvitað við mikinn afgang, upp að allt að 4 til 5 prósentum, árin þrjú fyrir hrun en sé litið til þess hvernig afgangurinn hefur sveiflast síðustu 40 ár er eins prósents afgangur ekki endilega mjög lítill.

Vissulega er heppilegra að hafa meiri afgang á þenslutímum en á móti þarf að líta til þess að fjárfestingarstigið hefur verið afar lágt, sérstaklega hjá hinu opinbera, síðustu ár og mikil uppsöfnuð fjárfestingarþörf hefur myndast í hagkerfinu. Eins erum við á allt öðrum stað í hagsveiflunni en við vorum á fyrir um tveimur árum síðan. Aðhaldskrafan er þannig allt önnur í ár og fyrir næsta ár en hún var þá,“ segir Kristrún.

Hún bendir á að þensluáhrif komi yfirleitt fyrst og fremst fram í breytingum á aðhaldi á milli ára, en ráðist ekki alfarið af afganginum sem slíkum hverju sinni. „Ef farið er til dæmis úr eins prósents afgangi í hálft og síðan núll prósent, þá hefur það í för með sér þensluhvetjandi áhrif. Út frá þeim mælikvarða verður mesta breytingin á næsta ári miðað við birtar tölur. En ef afgangurinn helst í um einu prósenti um nokkurt skeið eru þensluáhrifin takmörkuð, enda er ríkið þá ekki að beita sér á milli ára. Þensla, hagvöxtur og verðbólga er allt í prósentum reiknað.“

Að mati Kristrúnar er stóra málið um þessar mundir að „peningarnir verði almennilega nýttir þar sem þörfin er hvað mest og þar sem þensluhvetjandi áhrifin verða hvað minnst. Ég tel brýnt að ráðleggingum fjármálaráðs verði fylgt um að ráðist verði í greiningar á því hvernig verkefni hins opinbera hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu, enda eru verkefnin misþensluhvetjandi. Það er ekki hagvöxtur alls staðar á landinu.“

Það sé sérstaklega mikilvægt á tímum sem þessum – þegar eftirspurn eftir opinberum verkefnum er mikil – að eftirspurnaráhrif verkefnanna verði kortlögð og tryggt sé að fjármagni sé veitt í fjárfestingar sem sitja eftir um ókomin ár, arðbærar fjárfestingar, fremur en því sé mestmegnis veitt í áframhaldandi kostnaðarsaman rekstur.



**Forystumenn ríkisstjórnarinnar, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, kynntu fjármálaáætlun hins opinbera til ársins 2023 á blaðamannafundi í síðustu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vantar sárlega árangursmælikvarða


**Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands**

„Við þurfum að gefa því betur gaum hvernig fjármunir eru nýttir, í stað þess að einblína alltaf á að dæla sem mestum peningum í reksturinn,“ segir Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. Það sé hins vegar viðtekið stef í umræðunni að auknir fjármunir skili sér sjálfkrafa í bættri þjónustu eða auknum árangri í opinberum rekstri.

„En það er alls ekki sjálfgefið. Það er raunar mjög öfugsnúið að meta árangur ríkisstofnunar eftir því hve mikla peninga reksturinn kostar en ekki hverju hann skilar. Oft er það svo að óskilvirkur opinber rekstur er ákaflega dýr en skilar litlum sem engum ábata,“ nefnir hann.

„Við sjáum til dæmis að menntakerfið okkar er ekki að skila nægilega góðum árangri hvort sem miðað er við brottfall eða kunnáttu þeirra sem fara í gegnum það og það er ekki vegna þess að við eyðum ekki nógu miklu í það. Það sama gildir um heilbrigðiskerfið.

Það vantar sárlega betri árangurs- og gæðamælikvarða fyrir ríkisrekstur, eins og þekkist til dæmis á Norðurlöndunum. Hvað er ríkið að fá nákvæmlega fyrir peninginn? Hvaða verkefnum ætti það helst að sinna? Við höfum enga mælikvarða. Ríkið þyrfti að gera ákveðnar kröfur um árangur þegar það ver peningum í hina ýmsu málaflokka. Það þarf að liggja ljóst fyrir hverju fjármunirnir skila.“

Ásgeir segir vandamálið einnig það að hið opinbera sé með of mikið af fjármagni bundið í ýmsum fjármagnsfrekum hliðarverkefnum sem tengist ekki kjarnastarfsemi þess. Til að mynda sé mikið fjármagn bundið í innviðum og áhættusömum atvinnurekstri, flugvöllum, raflínum og fjármálafyrirtækjum, svo nokkur dæmi séu tekin. Forgangsröðunar sé þörf.

Í þeim efnum gætum við einnig lært af frændum okkar á Norðurlöndunum sem hafi fyrir löngu endurskipulagt opinbera þjónustu með það að markmiði að auka skilvirkni hennar og það með mjög góðum árangri, að sögn Ásgeirs.

**Þrátt fyrir að ekki sé verið að verða við kröfum allra og standa við öll kosningaloforð er afgangurinn í minna lagi.**


Ari Skúlason, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans

**Vissulega er heppilegra að hafa meiri afgang á þenslutímum en á móti þarf að líta til þess að fjárfestingarstigið hefur verið lágt.**


Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku

### Engar umbyltingar

Ari nefnir að þrátt fyrir að ný ríkisstjórn hafi tekið við völdum séu litlar breytingar á fjármálaáætluninni frá áætlun síðustu ríkisstjórnar. „Þetta er mjög stöðugt. Það eru engar umbyltingar. Það er út frá hagstjórnarlegu sjónarmiði mjög jákvætt.

Það þarf ekki að koma á óvart en gæti þó gert það miðað við samsetningu flokka í ríkisstjórn. Svo virðist sem aðkoma Vinstri grænna að ríkisstjórn hafi ekki breytt mjög miklu.“

Ari segir ríkisstjórnina í nokkuð erfiðri stöðu. Ljóst sé að kröf- ➡

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 11. APRÍL 2018



Virpi Jokinen hjálpar fólki að skipuleggja heimilið og koma hlutum á sína réttu hillu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Snýst ekki um hluti á heimilinu heldur líðan

Virpi Jokinen starfaði sem skipulagsstjóri Íslensku óperunnar í tæpan áratug en hjálpar nú fólki við að takast á við skipulagsverkefni heima fyrir. Fyrirtæki hennar, Á réttri hillu, hefur nú opnað vefsíðu og bókanirnar streyma inn. →2

ENZYMEDICA.
Áttu við meltingar-vandamál að stríða?



**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu** ➪

Á réttri hillu býður upp á skipulagsaðstoð og ég tel að ég sé að koma þarna inn með þjónustu sem hefur ekki verið í boði áður," segir Virpi sem hreifst af Íslandi fyrir tuttugu og fimm árum og hefur búið hér síðan.

Ég vil aðstoða fólk sem finnur sig einn daginn í þeirri stöðu að verkefnið er orðið óyfirstíganlegt og veit ekki einu sinni hvar það á að byrja." Hún bætir við að hún sé einnig tilbúin að starfa fyrir minni fyrirtæki en reynslan sýni að heimilin séu helst hjálparþurfi. „Ég hjálpa til dæmis við að undirbúa flutninga, skipuleggja og byrja snemma. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að fólk treystir sér ekki í flutninga. Ég get verið sú sem tekur þátt í flutningum og er til halds og trausts," segir hún en bendir á að það geti líka verið ýmsar ástæður fyrir því að skipulag á heimili fari úr böndunum án þess að flutningar komi til. „Veikindi, skilnaður, miklar og tíðar breytingar eða mikið og stöðugt álag getur gert það að verkum að smám saman er verkefnið að taka til eða skipuleggja orðið svo stórt að það virkar óyfirstíganlegt.

Kannski er einhver inni á heimilinu sem safnar einhverju og er með áhugamál og það er farið að hrúgast upp á einum stað eða í öllum hornum, stundum er ekki hægt að opna geymsluna. Þá er hægt að fá mig á staðinn með sér.



Virpi Jokinen tekur ekki „fyrir og eftir myndir" af skápum og geymslum því hún segir Á réttri hillu ekki síður snúast um líðan en skipulag. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Og þegar búið er að taka skrefið að fá einhvern til að aðstoða er þegar kominn góður hvati að því að byrja," segir hún. „Ég kem svo með uppástungur og hvatningu og stjórna verkefninu og er líka á klukkunni og passa að fólk hætti á réttum tíma. Það er mjög þreytandi að taka til í geymslu, fullt af tilfinningum og minningum sem taka orku og ég passa að fólk hætti eða taki pásu áður en verkefnið hættir að vera skemmtilegt," segir hún og bætir við að hún finni oft að fólki líður betur þegar verkefnið er hafið. „Það léttir á fólki að gera þetta í hæfilegum skömmtum."

Virpi stofnaði Á réttri hillu um síðustu áramót og segir þjónustuna spyrjast vel út. „Ég er þegar komin með fullt af verkefnum og nú er ég líka komin með vef- og Facebooksíðu. Ég get ekki sagt að ég sé að kenna fólki einhver kerfi, ég kem frekar inn í aðstæðurnar og skoða, bæði þær og líka fólkið sem biður um aðstoðina og finn lausnir sem henta því. Ég get frekar sagt að ég hjálpi fólki að búa til sín eigin kerfi."

Hún viðurkennir þó að hún lumi á nokkrum góðum ráðum og reglum. „Grunnreglan er mjög einföld og hún snýst um að sjá markmiðið fyrir sér. Ætla ég að tæma geymsluna alveg eða bara koma reglu á það sem fyrir er? Og svo er mikilvægt að taka endanlegar ákvarðanir. Vil ég eiga þennan hlut, þarf ég að eiga þennan hlut og ef svo er, hvar á hann þá að vera? Finna samastað fyrir alla hlutina sína og bækurnar. Ef þú vilt ekki eiga hlutinn, á hvaða hátt viltu þá losna við hann? Viltu selja, gefa eða henda? Svo snýst þetta um að bera virðingu fyrir og treysta þessum ákvörðunum. Það er góð regla að opna ekki kassann aftur og sækja hluti, frekar að taka lengri tíma í að ákveða og fara svo strax á endurvinnslustöðina með það sem hefur verið ákveðið að losa sig við."

Virpi segir Íslendinga og Finna vera líka að sumu leyti en á sama tíma ólíka. „Íslendingar eru vanir að allt reddist en það þekkist ekki í Finnlandi. Þar er spáð og spekúlerað og ákveðið langt fram í tímann. Í Finnlandi finnst fólki ég kærulaus og alls ekki skipulögð, því ég er orðin svo íslensk í mér. En hér er ég mjög skipulögð."

Að lokum vill Virpi taka fram að henni finnst aðstoðin sem Á réttri hillu veitir ekki síður snúast um andlega líðan en átök við hluti. „Ég tek til dæmis ekki „fyrir og eftir myndir" því það er ekki það sem skiptir máli, heldur hvernig fólki líður þegar það er búið að taka til, því þetta er svo mikil sálartilfekt líka. Þetta snýst ekki um hluti heldur líðan."

> **„Ég get ekki sagt að ég sé að kenna fólki einhver kerfi, ég kem frekar inn í aðstæðurnar og skoða, bæði þær og líka fólkið sem biður um aðstoðina og finn lausnir sem henta því.**

Hægt er að finna meiri upplýsingar á arettrihillu.is og á Facebook, facebook.com/arettrihillu/




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**SPARAÐU 1200 ÞÚS**
Nýjir Suzuki S-Cross 4X4 GLX Diesel Leður, 17" felgur, glerþak , kostar nýr hjá Suzuki 5.2 mil. Okkar verð aðeins 3990 þús Aðeins nokkrir bílar í boði !



**BESTU KAUPIN !**
Chevrolet Aveo 06/2013 beinsk. Ek 98 þ.km og verðið er aðeins 790 þús !!! Er á staðnum !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



FORD F350 lariat ultimate fx4. Árgerð 2017 Nýr bíll dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 7.250.000. Mjög vel útbúinn Rnr.212931.



VW Golf e comfort. Árgerð 2016, ekinn 10 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur 1 gírar. TILBOÐ 2.890.000.Mjög vel útbúinn Rnr.212771.



TOYOTA Land cruiser 100. Árgerð 2003, ekinn 255 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000.Mjög heill og vel með farinn Rnr.350059.



VOLVO Xc60 inscription. Árgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. TILBOÐ 5.990.000.Umboðsbíll Mjög vel útbúinn Rnr.116204.



VOLVO Xc90 inscription t8 hybrid. Árgerð 2017, ekinn aðeins 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 9.890.000.Mjög vel útbúinn Rnr.212905.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

### Bílar til sölu



Skoda superb 2013, ekinn 95 þús km. 4x4 með krók og tengi. uppl. í síma 892-1595

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel**
**Carado húsbíll**
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.250.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel**
**LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.350.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel**
**LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.
**Verð 4.990.000,**
**Tilboð 3.350.000.**




**Dacia Dokker**
**1.5 diesel**
árg 2016 ekinn 28 þ km 5 gíra svefnpláss fyrir 2 sólarsella og öndun á topp, klár í notkun
**Verð 1.990.000**
**Tilboð 1.700.000**




**Fiat Ducato 2.3 diesel**
**Carado húsbíll**
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
**Tilboð 4.450.000.**




SELDUR

**Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4
**Verð 7.990.000.**
**Tilboð 6.990.000**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600




**Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 7.490.000.**
**Tilboð 6.490.000**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600
**Fiat Ducato 2.3 diesel**

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

**Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)**

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

---

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Stækkun alifuglabús Meiri-Tungu 2, Rangárþingi ytra**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **11. maí 2018.**

---

# ÚTBOÐ

Útboð 20539 -

## Kerfi fyrir Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Ríkiskaup, fyrir hönd Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, hér eftir nefnd Miðstöðin eða kaupandi, óska eftir tilboðum í innleiðingu og aðlögun á Microsoft Dynamic CRM með samþættingu við SharePoint og tengingu við önnur upplýsingakerfi í rekstri hjá Miðstöðinni, þ.e. ytri og innri vefsíðum og Orra fjárhagskerfi. Um er að ræða nýtt skráningakerfi sem verður byggt upp með Dynamics CRM og Sharepoint byggt á greiningu kaupanda á hagkvæmum útfærslum.

Nánari upplýsingar í útboðsgögnum sem eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 16. maí 2018 kl. 11:00.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

---

## SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

---

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SmíðaViðgerðir**
Öll almenn trésmíðavinna viðhald eða breytingar.
Eingöngu íslenskir iðnaðarmenn.
Tilboð eða tímavinna.
Uppl. s. **781 5544** eða SmidaVidgerdir@gmail.com
*SmíðaViðgerðir ehf.*

---

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**STUBBAHÓLKUR VEGGFESTUR**
Kr. 14.500 + VSK Stubbastandur@gmail.com S: 842-2535

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**LOK Á POTTA**



**HEITIRPOTTAR.IS**
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

THAI
Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

# Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Tómstundir & Ferðir

## Hestamennska

FÁKUR

**HITTINGUR HJÁ HELDRI FÁKSFÉLÖGUM**
60 ára og eldri verður fimmtudaginn 12. apríl klukkan 11.30 í salnum á eftri hæð TM-Reiðhallarinnar.
Veitingar dagsins verða: Súpa, brauð og kaffi og er verðið 1.000.- kr. Enginn posi verður á staðnum og þarf að greiða fyrir veitingarnar í peningum.

Gestur fundarins verður Elli Sig.

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VÉLAVÖRÐ VANTAR**
Vélavörð í afleysingu vantar frá 16.4 í tvær vikur á mb. Núp BA 69 sem rær með beitingavél frá Patreksfirði. Uppl. í síma 897-1591 / 896 1462.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**STARFSMENN Í BOÐI**
Höfum nokkra erlenda iðnaðarmenn og verkamenn í boði til lengri eða skemmri tíma. Manngildi starfsmannaþjónusta Símar 780-1660 og 868-4551 work@mgs.is

Trésmiður um sextugt óskar eftir fastri vinnu. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 8488707

## Í hvað fara peningarnir samkvæmt fjárlögum 2018




## Áætluð ríkisútgjöld á verðlagi hvers árs




## Einsleitni í haglíkönum greinenda áhyggjuefni

Fjármálaráð lýsti í áliti sínu um fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018 til 2022 áhyggjum af þeirri einsleitni sem ráðið sagði gæta í haglíkönum og spágerð hér á landi. Allir helstu greinendur notuðust við líkan Seðlabankans. Það leiddi til þess að spár væru svipuðum eiginleikum gæddar sem leiddi aftur til einsleitrar umræðu um efnahagsmál og yki hættu á því að allir gerðu sömu mistök.

Benti fjármálaráð á að líkön væru almennt smíðuð í samræmi við þær þarfir sem þeim væri ætlað að mæta. Spár sem liggja til grundvallar stefnumörkun í opinberum fjármálum þyrftu að taka tillit til hinna sérstæðu aðstæðna hins opinbera. Líkan Seðlabankans væri ekki hannað með það í huga.



**Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs**

„Það er því ekki einungis brýnt að huga að bættu verklagi heldur þarf einnig að smíða ný líkön við hæfi og stuðla að fjölbreytni varðandi greiningu og umræðu,“ sagði í áliti fjármálaráðs.

Aðspurður segir Konráð að efnahagsspár greinenda séu því marki brenndar að þær leiti allar í eitthvert langtímajafnvægi. „Það er svo sem ekki við spárnar sjálfar eða greinendur að sakast. Eins og við vitum er erfitt að spá fyrir um framtíðina. En einmitt í ljósi þess ætti að taka efnahagsspám með fyrirvara og byggja ekki stefnu um opinber fjármál til næstu ára á óhóflega bjartsýnum spám.

Eftir því sem uppsveiflan er meiri aukast líkurnar á því að það komi bakslag. Ég er ekki að tala um að hrun sé yfirvofandi, heldur að benda á að eftir mikinn uppgangstíma, eins og við höfum upplifað, er óhjákvæmilegt að það taki að hægja á vextinum.“

Fjármálaráð tók auk þess fram í áliti sínu að það væri „ýmsum vandkvæðum háð að byggja áætlanagerð og stefnu á einni spá“. Greining á afleiðingum þess ef atburðarásin yrði önnur en lagt er upp með í þjóðhagsspá Hagstofunnar myndi, að mati fjármálaráðs, auka trúverðugleika stefnumörkunarinnar.

➡ urnar um útgjaldaaukningu séu miklar og eins hafi miklu verið lofað fyrir tíðar kosningar á síðustu árum. „Hópar og samtök sem vilja fá meira fé í sína málaflokka verða alltaf fyrir vonbrigðum þegar plagg eins og fjármálaáætlun kemur út. En ég held að ríkisstjórnin sé að reyna að sigla mitt á milli, ef svo má segja, og finna eitthvert jafnvægi. Hún getur ekki orðið við kröfum allra en hins vegar ætlar hún að skila aðeins minni afgangi en heppilegt væri,“ nefnir hann.

**Byggir á fordæmalausri spá**

Nokkuð hefur borið á þeirri gagnrýni að fjármálaáætlunin grundvallist á of bjartsýnni efnahagsspá. Konráð nefnir sem dæmi að í efnahagsspánni sé gert ráð fyrir talsverðum launahækkunum á sama tíma og verðbólga verði í samræmi við verðbólgumarkmið þannig að kaupmáttur launa muni vaxa umtalsvert. Raunar sé gert ráð fyrir því eftir allt sem á hefur gengið – en kaupmáttur launa erlendis hefur vaxið um hátt í 90 prósent á síðustu fimm árum – að laun á Íslandi verði með þeim hæstu í heiminum. „Er virkilega skynsamlegt að byggja stefnu í opinberum fjármálum á slíkri fordæmalausri hagspá?“

Konráð segir að ekki sé gert ráð fyrir miklum afgangi af rekstri ríkissjóðs samkvæmt fjármálaáætluninni. Lítið megi því út af bregða. Velta megi því upp hvort slaknandi aðhald ríkisfjármála muni á endanum kynda undir verðbólgu og þenslu og þar af leiðandi hærri vöxtum.

„Ég óttast að búið sé að byggja upp of miklar væntingar um útgjaldaloforð. Til þess að væntingarnar standist þarf allt að ganga upp. Ef það gerist ekki, hvað þá? Væntanlega ekki skattahækkanir því skattbyrði hér á landi er nú þegar mjög há.“

Konráð bendir einnig á að sú útgjaldaaukning sem gert er ráð fyrir í fjármálaáætluninni grundvallist að hluta til á bættri afkomu opinberra fyrirtækja sem gert var ráð fyrir í fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. „Hins vegar eru þar ekki færð nein rök fyrir þessari bættu afkomu fyrirtækjanna. Það vantar alveg. Auk þess er óábyrgt að treysta um of á afkomu fyrirtækja þegar kemur að rekstri hins opinbera. Bættur hagur fyrirtækja dregur ekki úr þörfinni á aðhaldi í ríkisfjármálunum.“



# Lykilárangursmælikvarðar fyrir samfélagsmiðla



**Guðmundur Tómas Axelsson**
framkvæmdastjóri Web Mo Design




Algengt er að fyrirtæki skilgreini lykilárangursmælikvarða fyrir starfsemi sína. Mælikvörðunum er þá vanalega skipt eftir mismunandi starfsemi fyrirtækisins, svo sem fjármálum, framleiðslu, markaðsmálum og þjónustu. Fjármálalegir mælikvarðar eru líklega þeir mælikvarðar sem er auðveldast að skilgreina og mæla. Erfiðara getur verið að ná utan um hina mælikvarðana.

Í stuttu máli þá segja lykilárangursmælikvarðar til um það hvernig gengur að ná viðskiptalegum markmiðum.

Samfélagsmiðlar eru sífellt að verða stærri þáttur í markaðssetningu og þjónustu fyrirtækja. Tölfræðin talar sínu máli:

- Árið 2017 birtu 80 milljarðar notenda færslur á samfélagsmiðlum.
- 95% fólks á aldrinum 18 til 34 ára kýs að fylgja vörumerkjum á samfélagsmiðlum.

Líklegt er að fyrirtæki séu ekki komin eins langt í að skilgreina og ákveða lykilárangursmælikvarða í tengslum við samfélagsmiðla og aðra þætti starfseminnar. Hvaða árangursmælikvarðar skipta hins vegar máli þegar kemur að samfélagsmiðlum?

Hér getur að líta helstu lykilárangursmælikvarða þegar kemur að samfélagsmiðlum en það fer að sjálfsögðu eftir markmiðum hverju sinni hvaða mælikvarðar skipta mestu máli.

**Þátttaka**
Þetta er líklega sá mælikvarði sem skiptir mestu máli á samfélagsmiðlum. Hann segir til um hvernig og hversu mikið notendur taka þátt í aðgerðum fyrirtækisins á samfélagsmiðlum. Til dæmis hvernig þeir bregðast við Facebook- og Instagram-færslum. Mælikvarðinn samanstendur af:

***Smellir:*** Segir til um hversu margir smella á hlekk sem deilt er og fer árangurinn eftir því hversu góður titill færslunnar er og grafíkin sem notuð er. Notendur smella á færslur sem vekja áhuga þeirra.

***Líkar við:*** Þegar notendum líkar við færslu þá er líklegra að færslan fái meiri athygli. Notendur eru almennt líklegri til að líka við færslur sem eru vinsælar. Algóriþmar flestra samfélagsmiðla gera færslum sem mörgum líkar við hærra undir höfði en öðrum sem hjálpar til við að ná til fleiri notenda.

> **Líklegt er að fyrirtæki séu ekki komin eins langt í að skilgreina og ákveða lykilárangursmælikvarða í tengslum við samfélagsmiðla og aðra þætti starfseminnar.**

***Deilingar:*** Það er í raun mun mikilvægara að einhver deili færslunni þinni heldur en líki við hana. Með því að deila efni er viðkomandi í raun að mæla persónulega með því og er góð vísbending um gæði efnisins.

***Athugasemdir:*** Áhugavert efni kallar á samtal. Það á jafnvel að fagna gagnrýni í athugasemdum því það er tækifæri til að gera betur.

***Fjöldi þeirra sem minnast á vörumerkið:*** Þegar notendur „tagga“ eða minnast á vörumerkið á samfélagsmiðlum þá er líklegt að vörumerkið sé að vekja athygli á einn eða annan hátt.

***Virkir fylgjendur:*** Fjöldi virkra notenda er vísbending um hvernig þú ert að standa þig á samfélagsmiðlum og/eða hversu mikil gæði efnisins eru. Hins vegar er þetta mælikvarði sem getur verið erfitt að mæla á sumum samfélagsmiðlum.

**Dekkun**
Dekkun er gamall mælikvarði sem hefur verið notaður lengi í markaðssetningu. Mælikvarðinn segir til um hversu langt skilaboðin ferðast og hversu mörg augu sjá þau. Þó svo að mælikvarðinn sé að mörgu leyti enn mikilvægur þá getur hann líka verið villandi á samfélagsmiðlum. Hann sýnir einungis fjölda þeirra sem mögulega sjá skilaboðin. Þátttaka sýnir hins vegar hversu margir raunverulega bregðast við. Mælikvarðinn samanstendur af eftirfarandi lykilmælikvörðum:

***Fylgjendur:*** Fjöldi fylgjenda vörumerkis á samfélagsmiðlum gefur til kynna þann fjölda sem gæti séð skilaboðin þín en tryggir það ekki. Með því að gerast fylgjandi vörumerkis ertu í raun að lýsa yfir áhuga á að sjá efni frá því.

***Birtingar:*** Fjöldi birtinga segir til um hversu oft skilaboð koma fram í fréttaveitu eða tímalínu notenda, annaðhvort vegna þess að viðkomandi eru fylgjendur vörumerkisins eða að vinum þeirra hafi líkað við efnið eða þeir deilt því. Þetta er í raun einungis sá mögulegi fjöldi sem hefði getað séð skilaboðin. Því hærri sem talan er, þeim mun betra.

***Umferð:*** Þessi mælikvarði er mjög mikilvægur því hann segir til um hversu mikil umferð er að koma inn á vefsíðu fyrirtækisins frá samfélagsmiðlum.




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

# HB HÚSGAGNABANKINN

## RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

**Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is**



**Rubelli hægindastóll**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **74.000**





**Rubelli hægindastóll**
Í sterku áklæði
Tilboð **53.000**



**Houston sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **395.000**



**Carrera hægindastóll**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **71.000**



**Carrera 2 mótora lyftistóll**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **127.000**





**Hornskápur**
Mahogany
Tilboð **86.000**



**Classico sófasett**
Alklætt ekta leðri
Tilboð **290.000**



**Carrera 2 mótora lyftistóll**
Í sterku áklæði
Tilboð **100.000**



**HD Bílaupptökuvél**
Tekur minniskort
Verð **5.700**



**Smáborð**
Mahogany eða Hnota
Tilboð **36.000**



**Skenkur 145 sm**
Hnota
Tilboð **119.000**



**Viceroy rafknúinn hægindasófi**
Alklæddur ekta leðri
Tilboð **225.000**

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**

# Skotsilfur

## Rúnar til Íslandsbanka



**Rúnar Steinn Benediktsson**, sem hefur starfað í markaðsviðskiptum Fossa markaða, hefur hætt störfum hjá verðbréfafyrirtækinu og mun ganga til liðs við Íslandsbanka. Rúnar tók til starfa hjá Fossum fyrir rúmlega ári en þar áður hafði hann unnið í verðbréfamiðlun Íslandsbanka. Er hann þriðji starfsmaðurinn á skömmum tíma sem hættir hjá Fossum en í byrjun síðasta mánaðar sögðu þeir Þorbjörn Atli Sveinsson og Gunnar Freyr Gunnarsson, sem störfuðu einnig í markaðsviðskiptum, upp störfum.

## Úr stjórn VSV



**Guðmundur Kristjánsson**, sem er jafnan kenndur við Brim, neitaði að staðfesta ársreikning Vinnslustöðvarinnar á aðalfundi í síðustu viku. Guðmundur, sem hefur setið í stjórn Vinnslustöðvarinnar í krafti þriðjungshlutar síns og tengdra félaga, sagðist hafa óskað eftir svörum frá endurskoðendum félagsins um mat á fjárhagslegri stöðu og afkomu Vinnslustöðvarinnar en ekki fengið svör í tæka tíð til þess að geta samþykkt reikninginn. Það bar einnig til tíðinda á fundinum að Guðmundur hætti í stjórn og tók Magnús Helgi Árnason lögmaður hans sæti.

## Vildu afnema skattinn



„Þarna staðfestist í raun hægristefna Sjálfstæðisflokksins,“ sagði **Logi Einarsson**, formaður Samfylkingarinnar, í síðustu viku um þau áform ríkisstjórnarinnar, sem birtast í nýrri fjármálaáætlun hennar, að leggja fjármagnstekjuskatt á raunávöxtun og lækka sérstaklega bankaskattinn. Ummælin vöktu nokkra athygli, sér í lagi vegna þess að flokkur Loga var sá eini sem sagðist – berum orðum – vilja afnema bankaskattinn fyrir síðustu þingkosningar. Aðrir flokkar vildu ekki ganga svo langt. Nú er hins vegar skyndilega komið annað hljóð í strokkinn.

# Arftaki fundinn hjá Deutsche Bank




Stjórn Deutsche Bank rak á sunnudag bankastjórann John Cryan, til vinstri, úr starfi og réð í hans stað Christian Sewing, til hægri, sem gegnt hefur starfi aðstoðarbankastjóra síðustu þrjú ár. Ákvörðunin kom lítið á óvart en þýskir fjölmiðlar greindu frá því í mars að stjórnarformaðurinn, Paul Achleitner, hefði hafið leit að arftaka Cryans. Cryan féll í ónáð hjá hluthöfum eftir þriggja ára samfelldan taprekstur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Götóttur þjóðarsjóður



**Konráð S. Guðjónsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs

Við Íslendingar horfum oft á tíðum með aðdáunaraugum á frændur okkar Norðmenn. Sú aðdáun, og sumpart öfund, náði hámarki á árunum eftir fjármálakreppu en hefur mögulega dvínað á síðustu árum. Enda hefur efnahagsþróun hér og í Noregi verið nánast eins og svart og hvítt frá árinu 2014. Að leitað sé til Noregs eftir góðum hugmyndum er þó ekki úr sögunni. Á síðustu misserum hafa hugmyndir um þjóðarsjóð eða stöðugleikasjóð (e. Sovereign Wealth Fund) í líkingu við olíusjóð Norðmanna hratt hlotið brautargengi.

Í nýbirtri fjármálaáætlun er gert ráð fyrir slíkum þjóðarsjóði sem fjármagna á með arðgreiðslum Landsvirkjunar. Sömuleiðis var fjallað um slíkan sjóð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, þar sem reyndar samtímis var búið að ráðstafa fé úr þessum óstofnaða sjóði. Þær ráðstafanir eru einar og sér mögulega skynsamlegar og stofnun þjóðarsjóðs hefði að líkindum ýmsa kosti í för með sér. Við nánari athugun er stofnun slíks sjóðs þó um margt þversagnakennd, málið hefur hlotið litla umræðu og ýmsum spurningum er ósvarað.

### Ekki skilyrði fyrir nýsköpun

Ráðstafanir úr óstofnuðum þjóðarsjóði koma ekki eingöngu fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu stendur nú yfir vinna við útfærslu á því hvernig sé unnt að ráðstafa fé úr sjóðnum til að efla nýsköpun í atvinnulífinu. Í skoðun Viðskiptaráðs frá desember síðastliðnum var fjallað um hvernig Norðmenn biðu í 20 ár áður en þeir tóku fé úr sínum sjóði, enda tekur langan tíma að byggja upp slíkan sjóð.

Varla þurfum við að bíða til ársins 2038 áður en ráðist verður í arðbærar aðgerðir til þess að auka nýsköpun? Nauðsynlegt er að styðja við nýsköpun í atvinnulífinu en arðsemi af náttúruauðlindum, sem mun fjármagna þjóðarsjóðinn, ætti ekki að vera skilyrði. Ef arðsemi orkugeirans verður lítil ætti þörfin fyrir nýsköpun og nýja atvinnuvegi að vera hvað mest. Gott er að horfa hér til Norðmanna, sem nota sjóðinn einvörðungu til að ávaxta fé af auðlindum sínum og til að tryggja efnahagslegan stöðugleika.

### Lífeyrissjóðirnir okkar þjóðarsjóðir?

Eitt af sérkennum Íslands er stærð lífeyrissjóðakerfisins sem er hlutfallslega það næststærsta í heimi eða um 156% af landsframleiðslu (til samanburðar er norski olíusjóðurinn um 250% af landsframleiðslu Noregs). Útlit er fyrir að lífeyrissjóðirnir muni stækka áfram á næstu árum og þurfa að fjárfesta erlendis nær allt hreint innflæði. Ómögulegt er að nefna nákvæmar tölur en hægt er að slá því föstu að lífeyrissjóðirnir þurfa að fjárfesta erlendis sem nemur tugum milljarða króna á ári til að tryggja góða eignadreifingu. Að óbreyttu dregur þetta úr þörfinni fyrir þjóðarsjóð auk þess sem stofnun þjóðarsjóðs dregur úr getu lífeyrissjóða og annarra innlendra aðila til að kaupa gjaldeyri á agnarsmáum gjaldeyrismarkaði. Einnig skýtur skökku við að stofna þjóðarsjóð áður en komið er til móts við ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs sem nema heilum 620 milljörðum króna.

Lítið hefur verið útskýrt hvers vegna tekjurnar í sjóðinn eiga eingöngu, að minnsta kosti til að byrja með, að koma frá endurnýjanlegum orkuauðlindum. Erfitt er að finna fyrirmyndir um þetta erlendis, ef þær eru einhverjar. Erlendir þjóðarsjóðir byggja yfirleitt á tekjum af olíu og öðrum óendurnýjanlegum orkuauðlindum eða gjaldeyrisforða ríkja. Því væri kannski rétt að byrja á að nota gjaldeyrisforða Seðlabankans að fyrirmynd annarra ríkja. Það myndi kalla á aukin gjaldeyriskaup Seðlabankans sem er efni í aðra umræðu.

### Hugsum málið til enda

Það er stjórnvöldum til hróss að hugsa til lengri tíma líkt og áætlanir um þjóðarsjóð bera glögglega með sér. Enda gæti stofnun þjóðarsjóðs verið heillaspor ef hann er útfærður á skynsamlegan hátt. Eins og staðan er núna virðist sjóðurinn þó nokkuð götóttur, bæði bókstaflega og hugmyndafræðilega.

# Nýir markaðir



**Sigrún Jenný Barðadóttir**
meðeigandi Eimverks Distillery og félagskona í FKA

Páskabókin mín í ár var Blue Ocean Shift; Beyond Competing, eftir W. Chan Kim og René Mauborgne, og hvort sem þú ert að byrja rekstur eða hefur verið lengi í rekstri þá gæti hugmyndafræði Blue Ocean ef til vill gagnast þér. Byrjaðu á að greina umhverfið. Er iðnaðurinn vaxandi, staðnaður eða fer hann minnkandi? Er hráefnisverð hærra eða lægra en áður? Eru samkeppnisaðilar að stækka við sig, koma með nýjar vörur á markað og línur, ráða nýtt fólk eða að segja upp starfsfólki? Er eftirspurnin vaxandi eða minnkandi? Blue Ocean tekur mið af fyrrnefndum áhrifaþáttum sem áætlun fyrirtækja markast af, en tekur þeim þó ekki sem gefnum heldur einsetur sér að móta þá og skapa þannig nýja markaði með skapandi lausnum. Hugmyndafræðin setur sér að búa til nýja eftirspurn, skapa nýjan markað þar sem samkeppnin er engin, og í raun stækka þannig heildarkökuna.

Til að fyrirtæki vaxi verður að horfa til þeirra sem eru ekki viðskiptavinir. Hægt er að greina ekki viðskiptavini í þrjá hópa. Fyrsta stigs ekki neytendur sem eru til dæmis lítil fyrirtæki sem ákveða að vera enn án netverslunar. Annars stigs ekki neytendur eru til að mynda þeir sem ákveða að mála frekar stofuna eftir að hafa hugleitt veggfóður vel og vandlega. Þeir

**Til að fyrirtæki vaxi verður að horfa til þeirra sem eru ekki viðskiptavinir.**

eru þá annars stigs ekki neytendur hjá veggfóðursfyrirtækjum. Þriðja stigs ekki neytendur gætu verið einstaklingar sem fara í banka og taka út pening til að greiða fyrir þjónustu og nota ekki greiðslukort. Þessi hópur er þá þriðja stigs ekki neytendur greiðslukortafyrirtækja.

Eiga þessir hópar ekki neytenda við þitt fyrirtæki? Þeir eru alls ekki „allir aðrir“ eins og margir virðast álíta. Íslensk fyrirtæki hafa hag af því að skoða þetta því undanfarin ár hefur bæði verið veruleg fjölgun á ferðamönnum til landsins og aukinn áhugi á íslenskum vörum erlendis. Neytendahegðun Íslendinga er einnig að breytast, til að mynda með netverslun. Fyrir vikið má reikna með að fjölmörg tækifæri séu fyrir íslensk fyrirtæki til að skoða hverjir eru ekki neytendur og vinna markvisst að því að ná til þessara neytenda.

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 201 Kópavogur www.FASTLIND.is




VIÐ KYNNUM

## Bæjarlind 7-9

**Nýjar íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi.**

Húsið er álklætt með áltré gluggum og verður því viðhaldslítið.

Eignin skilast fullbúin án gólfefna, votrými flísalögð. Steinplötur í eldhúsi og baðherbergi.

Tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir. Bílastæði í bílskýli fylgir flestum íbúðum.

Nánari upplýsingar má finna hér ›
www.mbl.is/fasteignir/fasteign/799787/



360° MYNDIR
www.fastlind.is/BL9







**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 11. APRÍL FRÁ KL 17:30-18:00**

› **Verð frá 46.900.000 kr**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA**



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
892 9966
› stefan@fastlind.is



Kristján Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
696 1122
› kristjan@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
› hannes@fastlind.is

LIND Fasteignasala
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. apríl 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Bara fyrir suma

Sagt hefur verið frá því að fjármála- og efnahagsráðherra hafi sent frá sér tillögu um að sala áskrifta og sala tímarita og dagblaða verði framvegis í lægra skatthlutfalli virðisaukaskatts. Tillagan byggist á tillögum nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla sem skilaði af sér tillögum í byrjun árs.

Nefndin virtist einhuga um að nauðsynlegt væri að leita leiða til að styrkja einkarekna fjölmiðla í baráttunni við RÚV sem gnæfir yfir markaðnum sem aldrei fyrr. Ríkisútvarpið nýtur ekki einungis fjögurra milljarða forskots gegnum framlög frá skattborgurunum heldur fær einnig að keppa við einkamiðlana á auglýsingamarkaði. Þar getur RÚV státað af einstakri útbreiðslu í góðu skjóli valdboða ríkisins. Nýbirtur ársreikningur RÚV ber vott um að þeir sem þar stjórna virðast ekki bera mikla virðingu fyrir fé skattborgaranna.

Því er ekki seinna vænna fyrir stjórnvöld að grípa í taumana.

Staðreyndin er hins vegar sú að það gagnast ekki svo mörgum miðlum ef fella á niður virðisaukaskatt af sölu áskrifta einungis. Svo litið sé til fréttamiðla á bæði stafrænu og áþreifanlegu formi eru það í raun einungis Morgunblaðið, Viðskiptablaðið og DV sem enn aðhyllast áskriftarmódelið. Aðrir, til að mynda Fréttablaðið, Kjarninn, Vísir.is og fótbolti.net, svo einhverjir miðlar séu nefndir, reiða sig eingöngu eða að langmestu leyti á auglýsingatekjur. Meira að segja í tilviki þeirra sem enn selja áskriftir að miðlum sínum vega auglýsingatekjurnar mun þyngra.

Þeir sem trúa á samsæriskenningar gætu vafalaust haldið því fram að aðgerð þessi væri sérsniðin að þörfum tiltekinna fjölmiðla. Sú er hins vegar vafalaust ekki ætlunin. Því væri það mun almennari og stærri aðgerð ef auglýsingasala fjölmiðla yrði einnig færð niður um virðisaukaskattsþrep. Slíkt myndi gagnast öllum miðlum óháð viðskiptamódeli.

Staðreyndin er nefnilega sú að óréttlæti á borð við það sem tíðkast hefur með endalausri eftirlátssemi við RÚV verður ekki leiðrétt nema með almennum aðgerðum sem ganga yfir alla jafnt. Auðvitað þyrfti að ganga mun lengra en að breyta virðisaukaskattsumhverfi fjölmiðla.

Það væri hins vegar ágætt fyrsta skref, og til marks um það að sitjandi stjórnvöld ætli sér í raun að beita sér til umbóta á fjölmiðlamarkaði.






# Brynjólfur til Íslandssjóða

Brynjólfur Stefánsson, sem starfaði um árabil hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Morgan Stanley, hefur verið ráðinn til Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka, sem sjóðstjóri.

Brynjólfur starfaði á árunum 2006 til 2016 hjá Morgan Stanley í New York þar sem hann stýrði afleiðubók bankans í hraólíu. Þar áður starfaði hann um tveggja ára skeið í áhættustýringu Íslandsbanka.


Brynjólfur Stefánsson

Brynjólfur er með BS-gráður í iðnaðarverkfræði og tölvunarfræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í fjármálaverkfræði frá Columbia-háskólanum í New York.

Eignir í stýringu Íslandssjóða námu alls 251 milljarði króna í árslok 2017 en hagnaður félagsins nam 183 milljónum króna og jókst um tæplega 90 prósent á milli ára. Starfsmenn Íslandssjóða voru 19 talsins í lok síðasta árs. – hae

05.04.2018

**Rétt er að hafa í huga að það er engin töfraformúla til sem jafnar sveiflur og viðheldur stöðugleika.**


Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra




GERRY WEBER GÆÐAFATNAÐUR
FYRIR ALLA VIÐBURÐI VORSINS
FRÁBÆR VERÐ-PERSÓNULEG FAGLEG ÞJÓNUSTA
Skoðið
laxdal.is
VORKOMAN Í NÁND
FISLÉTTTIR DÚNJAKKAR FRÁ KR. 19,900,- SUMARFRAKKAR FRÁ KR. 18900,-
Skoðið
laxdal.is/
yfirhafnir
BERNHARÐ
LAXDAL
Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sif Edith S. Jóhannesdóttir**

Illugagötu 5, Vestmannaeyjum,

lést þriðjudaginn 3. apríl á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 14. apríl kl. 14.

**Magnús Guðjónsson**
**Jón Grétar Magnússon** **Guðrún I. Gylfadóttir**
**Jóhanna Elísa Magnúsdóttir** **Karl Logason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Sigríður Björnsdóttir**

f. 13.10.1925

lést sunnudaginn 18. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Erla Þórarinsdóttir** **Sævar Karl Ólason**
**Þórarinn Örn Sævarsson** **Móeiður Bernharðsdóttir**
**Atli Freyr Sævarsson**
**Fríða Björg Þórarinsdóttir**
**Einar Þór Ólason**
**Björn Óskar Ólason**
**Erla Lind, Tómas Karl og Andrea Líf Þórarinsbörn**



✝

Ástkær móðir mín,

**Björg Baldvinsdóttir**

f. 16.06.1915 á Stóra-Eyrarlandi á Akureyri, d. 28.03.2018 í Sóltúni.

Útför hennar fór fram 5. apríl í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir vilja aðstandendur færa starfsfólki Sóltúns fyrir frábæra hjúkrun og hlýhug. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sóltúns.

**Alice G. Berg**



✝

Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, amma og langamma,

**Steinunn Marinósdóttir**

Ásbúð 11, Garðabæ,

lést 5. apríl 2018. Útförin fer fram föstudaginn 13. apríl kl. 15 frá Kópavogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

**Sigurður Viðar Benjamínsson**
**Margrét S. Einarsdóttir**
**Þórir Marinó Sigurðsson**
**Einar Björn Sigurðsson**
**Brynja Lísa Þórisdóttir**
**Sigurður Ingvar Þórisson**
**Ísabella Sól**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þorgerður Guðmundsdóttir**

Eyrarholti 6,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi að kveldi fimmtudagsins 5. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 13. apríl kl. 11. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líf styrktarfélag.

**Birna Þórhallsdóttir** **Hafsteinn Aðalsteinsson**
**Dóra Þórhallsdóttir** **Ari Sigurfinnsson**
**Þorgerður Hafsteinsd.** **Björn Þorfinnsson**
**Hafdís Hafsteinsd. Miller** **Justin Shawn Miller**
**G. Halla Hafsteinsdóttir** **Theodór Friðbertsson**
**Elfa Björg Aradóttir** **Hörður Már Jónsson**
**Ellert Þór Arason** **Hrafnhildur Lára Ragnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

# Hættir sem rektor í vor eftir 20 ára farsælt starf

**Lárus H. Bjarnason hefur verið rektor Menntaskólans við Hamrahlíð síðan árið 1998 en hann hefur tekið þá ákvörðun að hætta nú í vor. Lárus segir margt standa upp úr á þessum langa ferli en helst séu það frábæru nemendurnir.**

Lárus H. Bjarnason, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, lætur nú af störfum eftir 20 ára starf. Hann segir ýmislegt standa upp úr á ferlinum en árangur skólans í byggingarmálum hafi verið sérstaklega ánægjulegur, en árið 2007 var reist nýbygging við skólann þar sem íþróttaaðstaða MH var bætt til muna – á þeim tíma var talað um gjörbyltingu.

„Ég geng alveg sæmilega stoltur frá starfi – það hafa auðvitað skipst á skin og skúrir, eins og gengur. Sumt gengið vel og sumt minna vel, en maður kýs auðvitað að muna frekar það sem fór á betri veginn.“



**Lárus segir það hafa verið sérstaklega ánægjulegt þegar íþróttaaðstaða skólans var bætt til muna árið 2007.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðspurður hvað taki við eftir rektorsstarfið svarar Lárus því að hann hafi aldrei vitað hvað hann ætli að verða þegar hann verður stór.

„Ég er ekki að hætta til að fara á eftirlaun. Ég er kennaramenntaður og gæti því kennt, ég er með rútupróf og gæti keyrt rútu, ég er lögfræðingur og gæti farið að vinna lögfræðistörf, ég er líka löggiltur fasteignasali og gæti þess vegna farið að selja fasteignir,“ segir Lárus og hlær. „Ég hoppa út í smá óvissu.“

Lárus segir það besta við rektorsstarfið hafa verið umgengni við gott fólk og þá sérstaklega frábæra nemendur inn á milli, samstarfsfólk og foreldra.

*Þegar þú sérð fyrrverandi nemendur þína í sjónvarpi eða annars staðar á opinberum vettvangi finnst þér þú kannski eiga eitthvað smá í velgengninni?*

„Maður á eitthvað smávegis í fólki, jú, ætli ég sé ekki búinn að útskrifa meira en eitt prósent þjóðarinnar,“ segir Lárus kíminn. **stefanthor@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Sigríður Björnsdóttir**

Tjarnarási 7a, Stykkishólmi,

sem lést fimmtudaginn 5. apríl sl. verður jarðsungin frá Stykkishólmskirkju mánudaginn 16. apríl kl. 14.00.

**Eyþór Benediktsson** **Unnur H. Valdimarsdóttir**
**Ingibjörg H. Benediktsdóttir** **Gretar D. Pálsson**
**Bryndís Benediktsdóttir** **Birgir Jónsson**
**Björn Benediktsson** **Árþóra Steinarsdóttir**
**Lára Benediktsdóttir**
**Anne Bau**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kristján Gunnlaugsson**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 7. apríl. Útförin fer fram frá Hellnakirkju laugardaginn 14. apríl kl. 14.00.

**Sigríður Einarsdóttir**
**Linda H. Kristjánsdóttir** **Harpa Elísa Þórsdóttir**
**Pétur Þórðarson** **Bryndís Eva Sigurðardóttir**
**Þórhallur Þórðarson** **Íris Aðalsteinsdóttir**
**Karen H. Kristjánsdóttir** **Gunnlaugur H. Gunnlaugsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir mín, dóttir okkar, systir, mágkona, barnsmóðir og frænka,

**Erla Sigríður Hallgrímsdóttir**

félagsráðgjafi,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið eða Krabbameinsfélag Íslands.

**Helga Júlíana Jónsdóttir**
**Guðríður J. Guðmundsdóttir** **Hallgrímur Hallgrímsson**
**Elín Hallgrímsdóttir** **Steinn Guðmundsson**
**Berglind Hallgrímsdóttir** **Helgi Skúli Friðriksson**
**Guðmundur S. Hallgrímsson**
**Jón Bjarni Magnússon**
